


FRAMKVÆMDASÝSLA RÍKISINS

Ársskýrsla 2019



Ársskýrsla Framkvæmdasýslu ríkisins 2019

Júlí 2020

Umbrot og hönnun: Kontor Reykjavík

Ljósmyndir: Baldur Kristjánsson, starfsfólk FSR

Ábyrgðarmaður: Guðrún Ingvarsdóttir, forstjóri

Ritstjóri: Karl Pétur Jónsson

ISSN 2547-670X (prentuð útgáfa)

ISSN 2547-6718 (rafræn útgáfa)



Efnisyfirlit

Ávarp forstjóra	4
Um FSR	8
Verkefni á árinu 2019	11
Alþingi	11
Forsætisráðuneytið	12
Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið	13
Dómsmálaráðuneytið	13
Fjármála- og efnahagsráðuneytið	15
Heilbrigðisráðuneytið	18
Mennta- og menningarmálaráðuneytið	21
Umhverfis- og auðlindaráðuneytið	22
Útanríkisráðuneytið	24
Fasteignir í ríkiseigu	26
Þróunar- og samstarfsverkefni	28
Rekstur og starfsfólk	30
Ársreikningur 2018	32
Stefna, aðgerðir og árangur á árinu 2019	45



Guðrún Ingvarsdóttir

Ávarp forstjóra

2019 - Ár framfara

Árið 2019 var ár umhverfisins. Loftslagsmál komust í meginstraum umræðunnar um allan heim. Við sem stöndum að framkvæmdum komumst ekki hjá því að hugsa um umhverfið í hverju einasta skrefi. Byggingar raska landslagi og hvíla í faðmi móður náttúru. Í flóknu ferli hönnunar og byggingar mannvirkja þarf alltaf að huga að nánasta umhverfi og hafa hugfast að bjargir heimsins eru ekki ótakmarkaðar.

Sem betur fer fórum við hjá Framkvæmdasýslu ríkisins að huga að umhverfismálum löngu fyrir árið 2019. Við höfum um langt árabíl byggt upp getu til að sýna fyllstu ábyrgð í umhverfismálum. Hinsvegar má segja að við höfum notað árið vel til að skerpa á nálgun okkar í umhverfismálum. Umhverfismál eru nú efst á blaði þegar verkefni kemur inn á borð hjá okkur. Ferlar og aðferðafræði sem við fylgjum tryggja að framkvæmdir okkar hafa lágmarks umhverfisáhrif á byggingartíma, auk þess sem hönnun lýtur alltaf að því að rekstur húsnæðis sem við komum að sé eins umhverfisvænn og kostur er miðað við gefnar forsendur.

Ferli framkvæmda getur verið langt og strangt. Þegar verkefni kemur inn til Framkvæmdasýslunnar er það oft ekki meira en óskilgreind þörf tiltekinnar skipulagsheildar á vegum ríkisins. Þá tekur við frumathugun. Hún felst í þarfagreiningu og húsrýmisáætlun sem verkefnastjórar á sviði frumathugunar og áætlanagerðar vinna í samstarfi við

þá stofnun eða ráðuneyti sem við á. Að því loknu liggja fyrir magntölur á borð við stærð og tegund húsnæðis, mat á hagkvæmni, staðsetning og valkostir í stöðunni. Á þessum staðreyndum stillir FSR upp valkostum og rökstuddri hugmynd að lausn. Að því búnu tekur Samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir (SOF) ákvörðun um hvort mæla eigi með að haldið skuli áfram með verkefnið. Að samþykki SOF og fjármálaráðuneytis gefnu, er áætlanagerð hafin. Verkefnið er hannað, magntöluskrá gerð og kostnaðaráætlun stillt upp. Að því loknu tekur SOF aftur afstöðu til verkefnisins og ef sú afstaða er jákvæð er lagt upp í sjálfa framkvæmdina.

Í þessu flókna ferli þarf að taka tillit til ótal ytri og innri þátta, eiga náð samstarf við verkkaupa, sveitarfélög, ráðgjafa af ýmsu tagi og verktaka. Því hús er ekki bara hús – því er ætlað að vera mikilvægur hlekkur í órofa keðju þjónustu ríkisins við íbúa landsins, sem sjálfir bera kostnað af framkvæmdinni.

Stóru álitæfnin hjá FSR eru því bæði fjármunir almennings og umhverfið sem við byggjum inn í. Verkefnin okkar þurfa að skila hámarksárangri fyrir rekstur ríkisins án þess að kosta umhverfið eða skattborgarana of mikið. Vera efnahagslega, samfélagslega og umhverfislega hagkvæm.

Við leitum sífellt leiða til þess að ná fram þessari hagkvæmni. Á undanförunum árum og áratugum hefur orðið gífurleg framþróun í tækni í heiminum. Hvort sem

litið er á byggingartækni eða þá stafrænu tækni sem nú er hornsteinn í allri vinnu, hvort sem um er að ræða þekkingarstarfsemi sem fram fer í skrifstofuumhverfi eða úti í mörkinni. Allir treysta á að upplýsingar ferðist í gegnum glertrefjar eða um loftin blá; pappírnotkun er á verulegu undanhaldi og nú styttest í að heimildir um síðasta möppudýrið fari í vörslu hjá Þjóðminjasafninu.

Þessi staðreynd hefur opnað mikilla möguleika í því að flétta saman ólíkum verkefnum vinnudagsins og kallar á mjög breyttar lausnir við hönnun alls húsnæðis og starfsaðstöðu. Við vitum líka að framundan eru frekari breytingar á störfum, en ekki hverjar þær verða. Því skiptir sveigjanleiki þess húsnæðis sem við byggjum eða gerum upp líka lykilmáli. Margir viðskiptavinir okkar hafa kosið að fara þá leið í hönnun á skrifstofuhúsnæði að minni áhersla er lögð á einkaskrifstofur með stórum möppuhirslum. Teymisrými, þar sem vinnuhópar – tímabundnir eða til lengri tíma – starfa saman án þess að veggir byrgi sýn, hafa í mörgum tilfellum komið í stað hefðbundinna einkaskrifstofa. Sú lausn gefur færri á að innrétta fleiri rými fyrir fundi af öllum stærðum, næðisrými og búa til stærri almenningsrými þar sem starfsmenn geta hist og skipst á skoðunum.

Þessi tegund af skrifstofuhúsnæði hefur verið kölluð ýmislegt, en við kjósum að kalla hana nútímalega, sveigjanlega skrifstofuaðstöðu. Við vitum líka að þessi lausn er bæði hagkvæm og sveigjanleg og því líklegri til að hafa mun betri endingartíma en aðrar lausnir. Það er í sjálfu sér mjög umhverfisvænt, því að í því felst líka að hver starfsmaður þarf færri fermetra til afnota.

En skrifstofuhúsnæði eru ekki einu verkefni sem FSR sinnir. Við tókum á árinu þátt í byggingu 60 hjúkrunarrýma. Að auki voru 108 hjúkrunarrými á teikniborðinu hjá okkur á þremur stöðum á landinu um áramót. Ljóst er að mikil þörf er á auknum krafti í byggingu hjúkrunarrýma, enda íslenska þjóðin að eldast hratt um þessar mundir. FSR hefur byggt upp yfirburðaþekkingu á hönnun og byggingu hjúkrunarheimila og hlakkar til að takast á við að byggja fleiri slík á komandi árum, hagkvæm, fallega hönnuð heimili fyrir fólkið sem byggði upp landið okkar.

Þá hefur FSR sem fyrr staðið í umfangsmiklum framkvæmdum við byggingu ofanflóðavarna á tveimur stöðum á landinu. Náttúruöflin eru okkur ekki alltaf blíð og atburðir í upphafi ársins 2020 minntu okkur á að ekki má slá slöku við í þessum málaflokki.

2019 var ár nýjunga og framfara í starfi FSR. Verkefna- stjórnun innan stofnunarinnar var í hraðri þróun á árinu. Unnið var að eflingu sýnilegrar stjórnunar eftir hugmyndafræði LEAN þannig að staða þeirra tuga verkefna sem á hverjum tíma er unnið að sé öllum ljós. Þórunn María Óðinsdóttir LEAN ráðgjafi var stofnuninni innan handar í þessari tímabæru umbreytingu

Á sama tíma hófst undirbúningur fyrir stafræna umbreytingu verkferla en í upphafi ársins 2020 voru allar verkefnatöflur fluttarinn í stafrænt kerfi þar sem framvinda verkefna er skráð eftir því sem þeim vindur fram. Þá hófst undirbúningur að tengingu undirliggjandi upplýsingakerfa, svo sem fjárhags- og skjalavistunarkerfa. Stefnan er að í lok árs 2020 verði öll ferli FSR orðin að fullu stafræn.



Frá starfsdegi FSR.

Þá fór á árinu fram fyrsta al-stafræna hönnunarsamkeppnin, þegar FSR og Arkitektafélag Íslands stóðu að samkeppni um nýtt hjúkrunarheimili á Höfn í Hornafirði. Þetta verklag gekk upp og niðurstaðan varð að á bilinu 5-6 milljónir króna spöruðust auk þess sem umhverfisáhrif af rafrænni samkeppni eru mun minni en af hefðbundinni. FSR mun framundan notast við stafrænar samkeppnir, ef það er unnt. Lesa má um samkeppnina hér.

Framkvæmdir hófust á árinu við Hús íslenskunnar. Verður það mikil og söguleg bygging. FSR valdi þessar miklu framkvæmdir sem leiðsöguverkefni FSR fyrir nýja aðferðafræði sem fékk nafnið **VÖR – Vistkerfi Öryggi Réttindi**. Markmið VÖR er að finna bestu leiðir til að gæta að umhverfis- öryggis og réttindamálum í samstarfi við fjölda aðila, meðal annars verktaka byggingarinnar, ASÍ, Vinnumálastofnun, Vinnueftirlitið, og fleiri. Sett eru upp mælanleg markmið í öllum eignum og reglubundið fylgst með hvernig miðar.

Að venju hélt FSR **starfsdag**, þar sem starfsfólk fór úr sínu venjubundna umhverfi og bætti við sig þekkingu. Að þessu sinni var áhersla lögð á að sýna víðari samfélagsleg áhrif af starfi FSR. Þannig var farið í heimsóknir á staði þar sem FSR hefur lagt hönd á plóg við að útbúa aðstöðu fyrir almannaþjónustu. Þannig gat starfsfólk með sínum eigin augum séð hvernig nútímaleg starfsaðstaða getur bætt þjónustu og starfsanda

í stofnunum ríkisins. Markmið okkar er að búa þannig um hnútana að ríkisstofnanir – hvaða nafni sem þær nefnast og hvaða þjónustu sem þær veita – séu að loknu starfi FSR í þeirra þágu betur í stakk búna til að veita þjónustu sína.

Stjórnarráðsreiturinn er eitt stærsta verkefni sem FSR hefur tekið að sér. Fyrir liggur vinningstillaga úr samkeppni um skipulag á reitnum sem markast af Lindargötu, Skúlagötu, Kalkofnsvegi og Klappartíg. Á reitnum eru fyrir þrjú ráðuneyti, en til stendur að öll ráðuneyti utan forsætisráðuneytis verði í fyllingu tímans á reitnum. Þar er einnig gert ráð fyrir nokkrum kerfislega mikilvægum stofnunum auk allra dómstóla landsins. Í júní fór fram **samráðsdagur** með hönnuðum skipulagsins og stórum hópi starfsmanna Stjórnarráðsins í Tjarnarbíói. Þar voru áformin kynnt og kallað eftir skoðunum starfsfólks. Fundurinn var afar gagnlegur fyrir áframhald verkefnisins og markar einnig upphaf af frekari tveggja átta skoðanaskiptum með starfsfólki stofnana.

FSR og Ríkiseignir höfðu á árinu frumkvæði að greiningu á eigna- og húsnæðismálum ríkisins með það að markmiði að draga fram skýra mynd af núverandi fyrirkomulagi málaflokksins og því hvar umbótatækifæri sé að finna. Byggt var á mælikvörðum evrópskrar samanburðargreiningar á nokkrum opinberum fasteignafélögum og þess hvað talist geti fyrirmyndarstarfsemi (best practice). Unnið var í vinnustofum



Frá samráðsdegi með starfsfólki stjórnarráðsins þar sem skipulag stjórnarráðsreits var kynnt og rætt.

með lykilstarfsmönnum stofnananna og fulltrúum FJR. Niðurstöðunar gefa til kynna að verulegt rými sé til umbóta og að fyrirkomulag eignamála hins opinbera héraendis þarfnist skýrari ramma. Niðurstöðurnar hafa í kjölfarið m.a. verið nýttar til ýmissa umbóta innan FSR og Ríkiseigna.

Á árinu var einnig blásið í fyrsta sinn til **Nýsköpunarmóts FSR**. Starfsmönnum var gefinn tími til að vinna að hugmynd sem gæti bætt opinbera þjónustu með einhverjum hætti. Nýsköpunarmótið er innblásið af Nýsköpunardegnum sem haldinn var vorið 2019. Framtíkið reyndist frábær leið til þess að virkja starfsmenn til nýsköpunar sem sýnt hefur verið fram á að skilar sér í auknu virði fyrir samfélagið, starfsemi og starfsfólk. Alls komu fram 24 hugmyndir frá 11 teyllum og einstaklingum. Nánast allir starfsmenn FSR tóku þátt í einhverri hugmynd, en á endanum voru þrjár hugmyndir verðlaunaðar en þær lutu að þróun lausna fyrir hleðslustæði við vinnustaði ríkisaðila, að umbótum á þarfagreiningarferli FSR og innleiðingu vikulegra núvitundarstunda hjá FSR. Allar hafa hugmyndirnar verið teknar til frekari þróunar og ákveðið hefur verið að Nýsköpunarmótið sé komið til að vera hjá FSR.

Þegar lítið er yfir störf starfsmanna FSR árið 2019 má segja að það hafi einkennst af áræðni og jákvæði. Hvort sem um var að ræða starfsmenn sem bættust í hópinn eða reynslubolta sem starfað hafa hjá FSR um lengri hríð er sammerkt að allir eru tilbúnir að leggjast á eitt í framþróun FSR inn í framtíðina með það að markmiði að skapa þjóðfélaginu okkar vandaðar og samfélagslega ábyrgar lausnir fyrir starfsemi ríkisaðila. Við hlökkum til framhaldsins.

Guðrún Ingvarsdóttir, forstjóri FSR




Starfsfólk FSR.

Um FSR

Framkvæmdasýsla ríkisins (FSR) fer með stjórn verklegra framkvæmda af hálfu ríkisins og veitir ráðuneytum og ríkisstofnunum ráðgjöf um byggingartæknileg málefni og undirbúning framkvæmda. Framkvæmdasýsla ríkisins starfar samkvæmt lögum nr. 84/2001, um skipan opinberra framkvæmda, og heyrir undir fjármála- og efnahagsráðuneytið. Starfsemi Framkvæmdasýslunnar er alfarið fjármögnuð með sértekjum.

Ríkisendurskoðun sér um endurskoðun á bókhaldi Framkvæmdasýslunnar. Ekki fer fram formleg endurskoðun á hverju ári, en Fjársýsla ríkisins gefur hins vegar árlega út samandreginn ársreikning fyrir stofnunina. Samandreginn ársreikningur er hluti af ársskýrslu Framkvæmdasýslunnar fyrir árið 2019 og er að finna í kafla 7.



Mynd 1. Ferli opinberra framkvæmdar

Ferli opinberra framkvæmda er bundið í lög nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda og reglugerð nr. 71/2001 um skipulag opinberra framkvæmda. Markmið ferlisins er að vel sé farið með skattfé, að framkvæmdir séu hagkvæmar, nauðsynlegar, umhverfisvænar og skili samfélaginu árangri.

Fyrsti hluti ferlisins er frumathugun en hún skiptist í tvo hluta. Fyrst er unnin **forathugun þar sem þörf fyrir aðstöðu er greind og skoðað hvaða valkostir eru færir til að mæta fyrirliggjandi þörf**. Inn í ferlið er dæmigert safnað sjónarmiðum stjórnenda og fagráðuneytis og ýmsar stærðir dregnar inn í matið. Til dæmis má nefna

forathugun á hjúkrunarheimili, þar sem fjöldi rýma er áætlaður út frá lýðfræðilegum upplýsingum, eða rýmisþörf skrifstofuhúsnæðis stofnunar, sem lýtur ákveðnum viðmiðum, gefnum út af fjármálaráðuneyti. Þegar mat á þörf liggur fyrir eru greindir þeir valkostir sem koma til greina sem lausn á þörf, en þeir geta m.a. falist í leigu á húsnæði, breytingu á húsnæði eða nýframkvæmd. Valkostirnir eru því næst metnir með tilliti til kostnaðar, gæðapátta og áhættu og dregið er fram hvaða valkostur þyki vænlegastur til frekari útfærslu. Þegar tillaga FSR að valkosti liggur fyrir tekur fagráðuneyti formlega afstöðu til frekari vinnslu málsins. Að fenginni staðfestingu á völdum valkosti er unnin **frumáætlun** en þar er valinn valkostur metinn nánar og settar fram tillögur að útboðsstefnu verkefnisins. Að því loknu er frumathugun gefin út og að fagráðuneyti sendir hana til umfjöllunar FJR og *Samstarfsnefndar um opinberar framkvæmdir* (SOF). Í nefndinni eiga sæti: Formaður fjárlaganefndar Alþingis eða sérstaklega tilnefndur fulltrúi nefndarinnar, forstjóri Framkvæmdasýslu ríkisins og ráðuneytisstjóri fjármála- og efnahagsráðuneytis, sem er formaður nefndarinnar. SOF metur gögn FSR og ráðleggur FJR um hvort verkefnið hljóti heimild til frekari vinnslu í **ferli áætlaunargerðar** sem er annar hluti ferlis opinberrar framkvæmdar.

Sé niðurstaða FJR jákvæð tekur við **frumhönnun** verkefnisins. Ráðgjafar verkefnisins eru valdir, mannvirkið er nánar skilgreint og kostnaðaráætlun gerð. Þá er gögn frumhönnunar rýnd af ráðgjöfum og verkkaupa og verkefnið sett í **verkhönnun**. Snýst hún um að gerð teikninga,

verklýsinga, kostnaðaráætlana og annarra þeirra gagna sem nauðsynleg eru til útboðs verklegrar framkvæmdar. Gögn þeirrar áætlunar eru að því loknu rýnd og veitir FSR umsögn um stöðu gagna. Verkið kemur þá aftur til kasta SOF og FJR, sem ákvarðar um hvort heimild verði veitt til útboðs verklegrar framkvæmdar

Hafi niðurstaða SOF verið jákvæð er verkefnið sett í **útboð** en Ríkiskaup hafa að jafnaði umsjón með útboðum FSR. Að tilboðum fengnum yfirfer FSR tilboðin og gerir tillögu um töku tilboðs en endanleg ákvörðun um töku þeirra er í höndum verkkaupa, sem í flestum tilvikum eru tiltekin fagráðuneyti. Sé tilboði tekið hefjast **framkvæmdir og eftirlit** FSR með verkefninu. Að framkvæmdum loknum tekur við **afhending** verkefnisins til þeirra aðila sem fara munu með rekstur húsnæðisins, sem oftast nær er ríkisstofnun eða ráðuneyti. Þá fara ríkiseignir með rekstur húsnæðis, þegar það á við.

Að verkefni loknu er gefið út **skilamat, skilagrein eða skilablað**, eftir umfangi verkefnisins, þar sem helstu vörðum verkefnisins er lýst og helstu tölur úr áætlunum og raunniðurstöður eru tíundaðar.

Ferli opinberra framkvæmda er í stöðugri skoðun. Sérstök áhersla er um þessar mundir á að styrkja fyrri hluta ferlisins, í þeim tilgangi að framkvæmdir sem stofnunin ber ábyrgð á séu hagkvæmari, umhverfisvænni, tímanlegri og betur til þess fallnar að þjónusta ríkisins sé skilvirk og vönduð.

Starfsfólkið fer yfir árið. Hvað stóð upp úr árið 2019?



Björn Hliðkvist Skúlason,
verkefnastjóri

Hjá FSR blása ferskir vindar um skapandi vinnuumhverfi. Þar er gott að vera.





Fyrirhugað viðbygging við Alþingi.

Verkefni á árinu 2019

Hér að aftan er fjallað um lykilverkefni FSR á árinu 2019 en ítarlegra yfirlit verkefna er að finna á vef FSR.

Alþingi

Skrifstofubygging Alþingis

Verkefnið kom fyrst á borð Framkvæmdasýslunnar árið 2015. Unnin var þarfagreining og frumathugun sem leiddu í ljós að hagkvæmt yrði fyrir Alþingi að byggja sitt eigið hús á Alþingisreitnum í stað þess að leigja skrifstofurými fyrir starfsmenn, alþingismenn og þingflokka víðsvegar um Kvosarsvæðið.

Upphaflega var gert ráð fyrir 4.500 fermetra húsnæði auk 1.200 fermetra bílakjallara á svæðinu á milli Vonarstrætis, Tjarnargötu og Kirkjustrætis. Áform í lok ársins 2019 gera ráð fyrir um 5.860 fermetra byggingu auk 1.300 fermetra bílakjallara. Kostnaður við verkefnið er áætlaður um 4.400 milljónir króna.

Á árinu 2019 var unnið að lokaútfærslu hönnunar hússins, hönnunin rýnd og útboð undirbúið. Haustið 2019 var jarðvinna vegna hússins boðin út og samið við verktakafyrirtækið Urð og grjót um þá vinnu, sem unnin verður vetur og vor 2020. Einnig var boðin út efnisvinnsla fyrir steinklæðningu hússins og samið við

S.Helgason um þá vinnu.

Byggingin mun sem fyrr segir leysa af hólmi fjölda leigurýma sem Alþingi hefur haft á sínum snærum um árabíl. Þegar húsið verður tilbúið til notkunar, sem áætlað er að verði árið 2023, mun loks öll starfsemi Alþingis verða á einum og sama staðnum. Þá munu aðstæður til að taka á móti gestum og sinna alþjóðlegu samstarfi batna til muna með aðstöðu, sem Alþingi hefur ekki áður haft til umræða.

Á miðju ári 2020 er fyrirhugað að útboð á uppsteypu og fullnaðarfrágangi hússins fari fram og framkvæmdir hefjist í kjölfarið.



Friðrik Ó. Friðriksson,
verkefnastjóri

Spennandi breyttar áherslur um opinberar framkvæmdir eru víða komnar í framkvæmd, sem eiga að auka gæði og hagkvæmni.

Forsætisráðuneytið

Viðbygging við Stjórnarráðið

Úrslit í samkeppni um viðbyggingu við Stjórnarráðshúsið voru kynnt í tilefni af 100 ára fullveldisafmæli Íslands 2. desember 2018. Á árinu 2019 fór fram í samráði við forsætisráðuneytið endurskoðun og endurmat verkefnisins m.a. vegna fjölgun starfsmanna ráðuneytisins og aukinna öryggiskrafna.

Samhliða endurmat verkefnisins fór fram fornleifauppgroftur á lóð hússins, en fornleifafræðingar hafa fundið meðal annars barnaleikföng, brot af ýmsum heimilismunum s.s. bursta, lyfjaglassi, lykli, koparhnappi og mynt, krítarpípum og postulínsbrúðubrot. Áætluð verklok fornleifauppgraftarinnar eru í ágúst 2020.

Er viðbygging Stjórnarráðshússins hefur risið verður starfsemi forsætisráðuneytisins á einum stað í fyrsta skipti í áratugi. Ráðuneytið hefur auk Stjórnarráðshússins haft yfir að ráða leiguhúsnæði í miðborginni, sem er óhentugt, óhagkvæmt og ekki jafn öruggt og skrifstofur forsætisráðuneytis ættu að vera.

Fyrirhuguð viðbygging er um 1.480 fermetrar að stærð og stjórnarráðshúsið rúmir 500 fermetrar. Húsnæði forsætisráðuneytisins verður því um 1.980 fermetrar að byggingu lokinni. Starfsmenn ráðuneytisins eru nú á sjötta tug, auk þess sem tekið er á móti miklum fjölda gesta í húsnæðinu. Verklok eru áætluð haustið 2023.



Stjórnarráðsreiturinn í miðborg Reykjavíkur.

Stjórnarráðsreiturinn – húsnæðismál ráðuneyta og lykilstofnana ríkisins

Stjórnarráðið vill skapa áhugaverðan og framsækinn vinnustað til framtíðar fyrir ráðuneyti, lykilstofnanir og dómstóla. Breytingar í samfélaginu kalla á breyttar aðferðir og vinnubrögð. Þörf er fyrir sveigjanlegra vinnuumhverfi til að mæta örum breytingum. Þá kalla aukin tæknivæðing, breytt vinnubrögð starfsfólks, áskoranir í umhverfismálum og almenn ráðeild í ríkisrekstri á nútímalegra húsnæði fyrir þessa þjóðfélagslega mikilvægu starfsemi.

Á Stjórnarráðsreitnum svokallaða er stefnt að því að rísi sambyggt og/eða sameiginlegt húsnæði fyrir ráðuneyti og lykilstofnanir en með því skapast auknir möguleikar á að ná markmiðum um samvinnu, sveigjanleika og sjálfbærni. Þá er gert ráð fyrir að á reitnum verði staðsettir dómstólar og tengd starfsemi.



Viðbygging við Stjórnarráðshúsið – Vinningstillaga



Hafróhúsið við Hafnarfjarðarhöfn.

Meginmarkmið verkefnisins er að fá fram:

- Vandaða heildarlaun á húsnæðismálum dómstóla, stjórnarráðs og lykilstofnana ríkisins
- Vandað skipulag reitsins
- Vistvænar lausnir
- Skapandi og valdeflandi vinnuumhverfi

Úrslit í hugmyndasamkeppni um skipulag Stjórnarráðsreits lágu fyrir í byrjun desember 2018. Fyrstu verðlaun hlaut tillaga T.ark Arkitekta og SP(R)INT Studio.

Á árinu 2019 var unnið áfram að þróun hugmyndanna í samstarfi við starfsfólk stjórnarráðsins, meðal annars með starfsdegi hluta starfsmanna og sérfræðinga á vegum FSR og fleiri aðila.

Samkvæmt gildandi deiliskipulagi eru heimildir fyrir um 52.500 fermetra byggingamagni á reitnum. Núverandi byggingar eru um 28.500 fermetrar og því heimild fyrir um 24.000 fermetra nýbyggingum. Vinningstillagan gerir ráð fyrir svipuðu byggingamagni. Gert er ráð fyrir að endurskoðað deiliskipulag reitsins liggja fyrir um mitt ár 2021.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

Nýtt hús fyrir Hafró

Auglýst var eftir nýju húsnæði í júní 2016 og óskað eftir að taka á leigu um 5.150 fermetra húsnæði þar af um 3.750 fermetra skrifstofu- og rannsóknarými og 1.400 fermetra geymslu, verkstæði og útgerðaraðstöðu. Alls bárust 13 tilboð. Tekið var tilboði frá Fornubúðum Eignarhaldsfélagi ehf. sem bauð húsnæði við Fornubúðir 5 í Hafnarfirði. Tilboðið miðar við 3.750

fermetra nýbyggingu og 1.300 fermetra í eldri byggingu sem gert er ráð fyrir að hýsi geymslu, verkstæði og útgerðaraðstöðu. Boðinn var viðleguréttur fyrir skip Hafró við Suðurbakkann í Hafnarfjarðarhöfn.

Í desember 2016 samþykkti fagráðuneyti og fjármála- og efnahagsráðuneytið að hefja formlegar samningaviðræður við Fornubúðir Eignarhaldsfélag ehf. um byggingu á leiguhúsnæði undir starfsemi Hafró í samræmi við húsrýmisáætlun sem gerð hafði verið fyrir stofnunina. Leigusamningur var undirritaður í febrúar 2018, fyrsta skóflustungan að nýbyggingunni var tekin í mars 2018 og stóðu byggingaframkvæmdir yfir allt árið 2019.

Aðstaða Hafró verður sérsniðin að starfsemi stofnunarinnar og mun bæta starfsskilyrði verulega auk þess sem áhersla í húsnæðinu er á sjálfbærni og nútímalega starfshætti. Hafró mun flytja í nýja húsnæðið vorið 2020.

Dómsmálaráðuneytið

Sameiginlegt húsnæði löggæslu og viðbragðsaðila

Framkvæmdasýsla ríkisins (FSR) var árið 2018 falið af Fjármála- og efnahagsráðuneytinu (FJR), að beiðni frá Dómsmálaráðuneyti (DMR), að vinna forathugun og skoða möguleika á sameiginlegu húsnæði fyrir löggæsluaðila á höfuðborgarsvæðinu. Löggæsluaðilar höfuðborgarsvæðisins eru Ríkislögreglustjóri, Lögregla höfuðborgarsvæðisins og Tollgæslan.

Verkefnið er umfangsmikið og ákveðið var í árslok 2018 að stofna stýrihóp, skipuðum fulltrúum DMR, FJR og FSR, til að tryggja að unnið yrði að því með markvissum hætti. Stýrihópur skyldi gegna hlutverki verkkaupa við vinnslu verkefnisins og gera tillögur um umfang þess og fjárhagsramma. Verkefnahópur var skipaður til að vinna greiningarvinnu. Hlutverk þess hóps var að skipuleggja og leiða, í samráði við FSR, forathugun verkefnisins og gera grein fyrir niðurstöðunni í forathugunarskýrslu. Verkefnahópurinn fékk til liðs við sig fjölmarga ráðgjafa ásamt fulltrúum allra viðbragðsaðila, sem sátu í hinum ýmsum faghópum tengdu verkefninu.





Pétur Bolli Jóhannesson,
verkefnastjóri

”
Endurnýjun
gróðurkálans á
Reykjum mun breyta
notkun og ímynd
skólastarfsins til
hins betra.

Eftir samtal fulltrúa ráðuneytanna við Landsbjörg og Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins var ákveðið að vikka verkefnið enn frekar og skoða hagkvæmni þess að allir löggæslu- og viðbragðsaðilar væru saman á einum stað. Það er Ríkislögreglustjóri (RLS), lögregla höfuð-borgarsvæðisins (LRH), Landhelgisgæslan (LHG), tollgæslan, Neyðarlínan (112), Slysavarnafélagið Landsbjörg og yfirstjórn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins (SHS). Hugmyndafræðin er að byggja viðeigandi aðstöðu sem stuðlar að aukinni samvinnu og samhæfingu löggæslu- og viðbragðsaðila, með nútíma samhæfingarmiðstöð viðbragðsaðila og almannavarna, sem getur skilað aukinni hagræðingu og skilvirkni í þjónustu og viðbrögðum við náttúruvá.

Sett voru fram eftirfarandi meginmarkmið:

Markmið verkefnisins er að greina og meta þá kosti, tækifæri og möguleika sem sameiginlegt húsnæði þessara aðila geta haft til að efla virkni, samvinnu og samstarf við lausn verkefna þeirra með samnýtingu og hagræðingu í húsnæðismálum. Aðilarnir starfi sem ein heild óháð því hvernig yfirstjórn er háttað, sem leiðir af sér hagkvæmari nýtingu fjármagns og mannafla.

Á árinu 2019 vann verkefnahópurinn að ítarlegri forathugunarskýrslu sem áætlunin er að leggja fyrir stýrihóp verkefnisins, ráðuneyti og hagsmunaaðila fyrir mitt ár 2020.

Húsnæðismál Vegagerðarinnar

Í lok árs 2014 óskaði Innanríkisráðuneytið eftir því að FSR ynni frumathugun og þarfagreiningu ásamt húsrýmisáætlun vegna undirbúnings breytinga á húsnæðismálum Vegagerðarinnar. Hafin var vinna við verkefnið á sviði frumathuguna og áætlanagerðar.

Vegagerðin er í dag með starfsemi á fjórum stöðum á höfuðborgarsvæðinu og verður starfseminni komið fyrir á einum stað. Í október 2018 var auglýst eftir húsnæði fyrir starfsemina. Samkvæmt húsrýmisáætlun sem unnin var af starfsmönnum FSR í samstarfi við stofnunina er þörf stofnunarinnar fyrir húsnæði áætluð alls 5.969 fermetrar þar af 3.541 fermetri skrifstofuhúsnæðis og 2.428 fermetrar þjónustu- og grófrýma. Auk þess þarf stofnunin á að halda um 9.000 fermetra útisvæði.

Auglýst var eftir leiguhúsnæði. Alls bárust 18 tilboð um húsnæði og í kjölfarið ákveðið að ganga til samninga við Reginn hf. um leigu á húsnæði við Suðurhraun 3 í Garðabæ.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Skúlagata 4 - Húsnæði ráðuneyta

Hin glæsilega bygging Skúlagata 4 var reist eftir teikningu Halldórs H. Jónssonar árið 1961. Húsinu var upphaflega ætlað að vera þrjár hæðir, ætlað í heild sinni fyrir fiskirannsóknastofur Háskóla Íslands. Síðar var ákveðið að hækka húsið um þrjár hæðir og innrétta efstu þrjár hæðirnar fyrir Ríkisútvarpið. Hafrannsóknarstofnun hefur frá upphafi haft aðstöðu sína í húsinu og ríkisútvarpið var þar til þar til húsa uns það flutti í stórhýsi sitt við Efstaleiti árið 1987.

Ráðuneyti atvinnunveganna, Sjávarútvegs- landbúnaðar- og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti hafa haft aðsetur sitt í húsinu um langt skeið, en nú hyllir undir að félagsmála- og heilbrigðisráðuneyti flytji í húsið úr bráðabirgðaaðstöðu við Skógahlíð. Þá verða



Gunnar Sigurðsson,
verkefnastjóri

”
Það sem stóð upp
úr á árinu var okkar
vel heppnaða árshátið
í góðum félagsskap.



Róbert Jónsson,
verkefnastjóri

Það sem vekur athygli á árinu 2019 er hve verkefnum Framkvæmdasýslunnar fjölgaði mikið. Um leið var unnið að þróun verkferla stofnunarinnar.

alls fjögur ráðuneyti í þessari glæsilegu, sex hæða byggingu.

Á árinu 2017 var unnin af hálfu Framkvæmdasýslu ríkisins frumathugun á því hvort fýsilegt væri að flytja ráðuneyti félsgsmála og heilbrigðismála í húsnæði Hafrannsóknarstofnunar við Skúlagötu 4 í Reykjavík

Niðurstaða frumathugunar var að húsnæðið við Skúlagötu myndi henta vel, auk þess sem flutingur í húsið myndi ríma vel við áform um að byggja húsnæði fyrir önnur ráðuneyti á svokölluðum stjórnarráðsreit, sem nær frá Lindargötu í suðri til skúlagötu í norðri, Kalkofnsvegi í vestri til Klapparstígs í austri. Fyrir á reitnum eru einnig fjármálaráðuneyti og mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Undirbúningur framkvæmda fór af stað að lokinni frumathugun og samþykki Samstarfsnefndar um opinberar framkvæmdir í júlí 2019. Ætlunin er að breyta

og endurbæta skrifstofuhúsnæði á neðstu fjórum hæðum hússins fyrir félags- og heilbrigðisráðuneyti og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti. Auk þess verði almenn rými á fyrstu hæð fyrir ráðuneytin fjögur sem verða í húsinu framvegis.

Þannig verður til nútímalegt og hagkvæmt skrifstofuhúsnæði, hannað í anda verkefnamiðaðs vinnuumhverfis. Þar er lögð áhersla á að húsnæði henti fjölbreyttri starfsemi og nútímalegum vinnubrögðum.

Á árinu 2019 fór fram útboð á hönnunarvinnu og urðu Yrki arkitektar hlutskarpastir í útboðinu. Ætlunin er að húsnæðið verði tilbúið til innflutnings í lok árs 2021. Kostnaður við verkefnið er áætlaður um 700 milljónir króna.

Arnarhvoll, endurbætur innanhúss 1., 2. og 3. hæð, 3. áfangi

Arnarhvoll er fyrsta byggingin sem byggð er sérstaklega yfir starfsemi íslensks framkvæmdavalds. Byggingin var fyrir allt stjórnarráðið, að forsætisráðuneytinu undanskildu sem hafði aðsetur í húsi sínu við Lækjargötu. Áform um bygginguna voru rædd í Tímanum 10. ágúst 1929 þar sem meðal annars sagði:



Arnarhvoll – eftir framkvæmdir.



Jóhann Gunnar
Gunnarsson, verkefnastjóri

Það sem gefur lífinu gildi eru breytingar og takast á við nýjar aðstæður á stað sem FSR.

Við rannsókn sem stjórnin lét framkvæma kom í ljós að spara mætti um helming samtals í húsaleigu, ljósi, hita og fæstingu ef landið byggði sjálft einfalt og hentugt skrifstofuhús, í stað þess að láta húsnæðisspekúlanta í höfuðstaðnum leigja landinu með uppsprengdu verði húsnæði á mörgum stöðum.

Þá var höfundur mikilvægt að sýna fram á að Arnarhvoll væri sveigjanlegt húsnæði; að mögulegt væri að bæta og breyta án mikils kostnaðar:

Einhver mesti kostur við slíka gerð af skrifstofuhúsi er sá, að með nálega engum kostnaði má færa til hvert skilrúm, stækka eða minnka herbergi, eftir þörfum skrifstofunnar.

Þessir eiginleikar húsnæðisins hafa reynst mikilvægir á síðustu árum er FSR hefur haft með höndum veigamiklar endurbætur á húsnæðinu, sem fjármálaráðuneytið hefur eitt haft til umráða undanfarna áratugi.

Endurnýjun skrifstofuhúsnæðis Arnarhovls hófst árið 2016. Verkefnið hefur verið unnið í áföngum og á árinu 2019 var unnið í 3. áfanga verkefnisins. Markmiðið með breytingunum var að nýta sveigjanleika þessa 90 ára gamla húsnæðis til að útbúa nútímalegt skrifstofuhúsnæði þar sem að mestu er unnið í sveigjanlegum teymisrymum. Gott framboð verði af næðis- og fundarymum af ýmsum stærðum og stafrænum vinnuaðferðum gert hærra undir höfði en áður.

Árið 2019 var framkvæmdum haldið áfram frá fyrra ári við þriðja og síðasta áfanga verkefnisins. Lauk framkvæmdum við innréttingar og frágang í byrjun desember. Er þar með er lokið endurbótum á skrifstofuhæðunum þremur og hluta kjallara. Aðalverktaki í framkvæmdum var Sérverk ehf. Er



Tryggingastofnun ríkisins eftir breytingar.

það mál starfsfólks ráðuneytisins að breytingarnar séu sérlega vel heppnaðar og hrein byltung frá fyrra fyrirkomulagi. Skipti þar lykilmáli sveigjanleiki húsnæðisins, sem framsýnir hönnuðir þess fyrir röksum 90 árum sáu til að væri til staðar.

Nýtt húsnæði fyrir Tryggingastofnun ríkisins

Á árinu 2017 var unnin þarfagreining og húsrýmisáætlun fyrir Tryggingastofnun ríkisins (TR) og síðan, í framhaldi af því, frumathugun. Niðurstaða frumathugunar var sú að lagt var til að auglýst yrði eftir 2.600 fermetra húsnæði fyrir stofnunina eins fljótt og kostur væri. Ástæða flutninganna er sú að mygla fannst í húsnæði stofnunarinnar við Laugaveg.

Skrifað var undir húsaleigusamning þann 16. ágúst 2018 um leigu á húsnæði við Hlíðasmára 11 í Kópavogi. Leigusali er Reginn hf. Samningurinn er til 25 ára og óuppsegjanlegur nema aðilar verði sammála um annað.

Verulegar breytingar þurfti að framkvæma á húsnæðinu þannig að það uppfyllti kröfur embættisins. Að lokinni hönnun á húsnæðinu tóku við miklar breytingar sem stóðu það sem eftir var árs 2018 og framan af 2019.



Kristján Rafn Harðarson,
verkefnastjóri

Að takast á við nýjar áskoranir á árinu 2019, var spennandi.



Anna Sofía Kristjánsdóttir,
verkefnastjóri

Þetta var viðburðaríkt ár enda stækkaði stofnunin úr 19 í 31 á árinu! Aðkoma að uppbyggingu hjúkrunarheimila, öflun leiguhúsnæðis og deiliskipulagsvinnu vegna Stjórnarráðsins eru meðal hápunkta sem sýna hvað starfið er fjölbreytt og skemmtilegt.

Stofnunin flutti inn í húsnæðið vorið 2019. Nýtt húsnæði markar vatnskil í þeim eignum að nú er öll starfsemi TR undir einu þaki, auk þess sem nýja húsnæðið er mun nútímalegra en hið eldra. Þá eru forsendur til að taka á móti skjólstaðingum stofnunarinnar mun betri í nýja húsnæðinu auk þess sem betur fer um starfsfólk sem nú vinnur í verkefnaþíðu vinnuumhverfi. Þá er húsnæðið nær landfræðilegri miðju höfuðborgarsvæðisins en fyrra húsnæði.

Húsnæðið er alls 2.564 fermetrar að stærð. Fyrra húsnæði var um 3.200 fermetrar þannig að sparnaður í húsnæði er um 600 fermetrar. Leigusali sá alfarið um framkvæmdir við breytingar á húsnæðinu og greiddi kostnað sem af þeim hlaut.

Heilbrigðisráðuneytið

Framkvæmdasjóður aldraðra

Framkvæmdasýsla ríkisins hefur frá árinu 2009 unnið með heilbrigðisráðuneytinu við að yfirfara umsóknir um framlag úr Framkvæmdasjóði aldraðra og veita umsagnir um þær. Einnig hefur verið leitað til stofnunarinnar um gerð viðtökuúttekta á stærri og flóknari verkefnum og með að hafa tilsjón með stærri verkefnum eins og hjúkrunarheimilum samkvæmt sérstökum samningi.

Hjúkrunarheimili

Aðkoma FSR að hjúkrunarheimilum er tvíþætt. Annars vegar hefur stofnunin umsjón með verklegum framkvæmdum, allt frá undirbúningsstigi þeirra og áætlunargerð að verklegum framkvæmdum og gerð skilamats samkvæmt lögum nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda.

Hins vegar hefur FSR hefur tilsjón með framkvæmdum hjúkrunarheimila sem felst í að fylgjast með framgangi framkvæmda, gera verklokaúttektir og veita ráðuneytinu upplýsingar um gang mála ásamt því að gefa út viðtökuvottorð.

Hér á eftir er fyrst fjallað um hjúkrunarheimili sem FSR hafði heildarumsjón með á árinu 2019 og síðan hjúkrunarheimili sem FSR hafði tilsjón með.

Hjúkrunarheimili í Árborg

Hönnunarsamkeppni vegna fyrirhugaðs hjúkrunarheimilis í Sveitarfélaginu Árborg, Selfossi, fór fram á árinu 2017. Niðurstöður voru kynntar og verðlaun afhent 24. október 2017 í Fjölbrotaskóla Suðurlands. Á sama tíma var ákveðið að stækka heimilið, svo það rúmi tíu íbúa til viðbótar við það sem áður hafði verið ákveðið. Fullnaðarhönnun hjúkrunarheimilisins lauk í febrúar 2019. Hófst þá rýni gagna og undirbúningur útboðs. Verkið var boðið út sumarið 2019 og tilboð opnuð 30. september. Fyrsta skóflustunga fór fram 22. nóvember 2019 og hófust framkvæmdir við jarðvinnu þá um leið. Áætlað er að framkvæmdum ljúki 2021.

Hjúkrunarheimilið er ætlað fyrir 60 íbúa, ásamt sameiginlegum stoðrymum, alls 3.900 fermetrar að stærð á tveimur hæðum. Byggingin er hringlaga með aðgengilegum inngarði fyrir íbúa og gesti.

Verkkaupar eru heilbrigðisráðuneyti og Sveitarfélagið Árborg.

Byggingin er hönnuð og verður byggð í samræmi við alþjóðlega umhverfisvottunarkerfið BREEAM. Þá er byggingin hönnuð í BIM kerfinu sem auðveldar mjög alla umsýslu teikninga á byggingartíma og viðhald á rekstrartíma byggingarinnar.



Guðrún Vala Davíðsdóttir,
verkefnastjóri

Að hefja störf hjá FSR og að kynnast miklum fjölda hæfileikafólks var hápunktur ársins á mínum bæ.



Hjúkrunarheimili í Árborg – Vinningstillaga Urban arkitekta ehf. og LOOP architexts aps.

Hjúkrunarheimili á Húsavík

FSR fer með heildarumsjón með byggingu hjúkrunarheimilis á Húsavík. Felst það í valkostagreiðningu, frumathugun og þarfagreiðningu. Byggja starfsmenn FSR þar á langri reynslu af byggingu hjúkrunarrýma.

Á árinu 2019 lauk frumathugun og var ákveðið að byggja 60 rýma hjúkrunarheimili á Húsavík í stað upphaflegra áforma um 20 rýma hjúkrunarheimili. Nýbygginni er ætluð staðsetning norð-vestan við núverandi hjúkrunarheimilið Hvamm, með tengigangi á milli.

Í framhaldi við áætlunargerð var tekin sú ákvörðun að stefna til hönnunarsamkeppni og í kjölfarið hófst undirbúningur við samkeppnislýsingu í samstarfi við Arkitektafélag Íslands. Hönnunarsamkeppnin var auglýst 18. desember 2019 og skilafrestur tillagna var 6. mars 2020. Alls bárust 32 tillögur til samkeppninnar.

Niðurstaða úr samkeppninni er að vænta seinni part maí mánaðar 2020.

Samkeppnin var með öllu rafræn, sem leiðir bæði til umhverfsvænni vinnubragða, auk þess sem það sparar talsvert fé.



Hreinn Sigurðsson,
verkefnastjóri

Sigur minn og Gíslínu í golfmóti Auðvitað, FSR OPEN 2019, stendur upp úr.

Heimilið verður hannað og byggt í samræmi við alþjóðlega umhverfisstærðunarkerfið BREEAM. Þá verður byggingin hönnuð í BIM kerfinu sem auðveldar mjög alla umsýslu teikninga á byggingartíma og viðhald á rekstartíma byggingarinnar.

Hjúkrunarheimili í Stykkishólmi

Árið 2012 lá fyrir tillaga að hjúkrunarheimili fyrir 15 manns í Stykkishólmi, miðað við þáverandi stærðarviðmið heilbrigðisráðuneytis (þá velferðarráðuneyti) 35 fermetrar á einingu af einkarými. Sú tillaga var kostnaðargreind og þótti of kostnaðarsöm. Viðmiðum var síðar breytt að fyrirmynd annarra norðurlanda og skilgreind 28 fermetrar.

Þetta breytti forsendum þannig að nú er hægt að koma fyrir 18 rýmum.

Til þess að koma fyrir 18 rýma hjúkrunarheimili í sjúkrahúsi HVE í Stykkishólmi þurfti að gera talsverðar breytingar á neðri hæðum byggingarinnar. Rýmumunum yrði svo komið fyrir á 2. og 3. hæð.

2019 voru gerðir samningar við hönnuði um heildarhönnun beggja verkhluta, og unnið að endurskipulagningu þeirra rýma á neðri hæðum sem er forsenda þess að koma hjúkrunarheimilinu fyrir á efri hæðum.

Um áramót lágu fyrir aðaltekningar af neðri hæðum til samþykktar byggingarfulltrúa, og hafin var vinna við forteikningar að hjúkrunarheimilinu. Næstu skref, sem stigin verða á fyrri hluta 2020 eru gerð verkeikninga og útbodsgagna á neðri hæðum er á lokastigi. Vonast er eftir að verkið verði boðið út haustið 2020.

Heildarkostnaður framkvæmdanna er áætlaður 740 milljónir króna fyrir 18 rými. Stefnt er að því að rýmin verði tilbúin til notkunar í lok árs 2021.



Hjúkrunarheimili á Höfn í Hornafirði – Vinningstillaga Basalt og Eflu.

Hjúkrunarheimili á Höfn í Hornafirði

Haustið 2018 veitti Samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir heimild til áætlunargerðar vegna nýs hjúkrunarheimilis á Hornafirði byggt á frumathugun FSR. Nýja heimilið mun rúma 30 íbúa og að húsnæðið verði í fullu samræmi við núverandi viðmið heilbrigðisráðuneytisins (áður velferðarráðuneyti) hvað stærðir og aðbúnað varðar.

Í kjölfarið var undirbúin hönnunarsamkeppni sem auglýst var 16. febrúar 2019. Um var að ræða fyrstu alstafrænu hönnunarsamkeppni sem haldin hefur verið á Íslandi, en það verklag sparar bæði aðföng og fé fyrir keppnishaldara og þátttakendur. Mæltist fyrirkomulagið vel fyrir og verður þróað áfram.

Sautján tillögur bárust í keppnina, en hlutskörpust varð tillaga BASALT arkitekta og EFLU.

Skrifstofuhúsnæði fyrir Landspítala – LSH - nýtt húsnæði fyrir stofnunina

Í maí 2018 var auglýst eftir tæplega 5.000 fermetra húsnæði fyrir skrifstofur Landspítalans. Aðeins barst eitt tilboð og var ákveðið að ganga til samninga við Reiti hf. um leigu á húsnæði við Skaftahlíð 24 og 24a, þar sem fjölmiðlafyrirtækið SÝN var áður til húsa.

Skrifað var undir húsaleigusamning þann 19. október 2018. Hann er til 15 ára og óuppsegjanlegur nema aðilar verði sammála um annað.

Gerð var krafa um að húsnæðið yrði skipulagt samkvæmt hugmyndafræði um verkefnaðið vinnuumhverfi en í því felst að allir starfsmenn LSH yrðu í teymisrymum og að enginn ætti ákveðið sæti.

Verulegar breytingar þurftu að framkvæma á húsnæðinu

þannig að það uppfyllti gefnar kröfur. Á árinu 2018 fóru fram viðamiklar breytingar á húsnæðinu.

Mikil breyting varð á vinnuferlum á skrifstofum LSH í nýju húsnæði. Engar einkaskrifstofur eru í húsnæðinu, eingöngu teymisrymi fyrir starfsmenn. Eins og áður kom fram á enginn „rétt“ á sæti en velur næsta stól sem er laus. Í húsnæðinu er fyrir utan skrifstofur, vandað kennslurými fyrir klínískt starfsfólk.

Húsnæðið var afhent tilbúið til notkunar sumarið 2019.

Húsnæðið er alls um 5.030 m² að stærð. Leigusali sá alfarið um framkvæmdir við breytingar á húsnæðinu og greiddi þann kostnað sem af þeim hlaut.

Hringbrautarverkefnið - jarðvinna

Stór hluti jarðvinnu vegna meðferðarkjarna NLSH fór fram á árinu. Fluttir voru um 380 þúsund rúmmetrar af jarðvegi úr grunninum. Hlutverk FSR í verkefninu er umsjón og eftirlit með framkvæmdinni. Áætlað er með að jarðvinnuframkvæmdinni ljúki í byrjun sumars 2020.



Una Eydis Finnsdóttir, verkefnastjóri

Skemmtilegt samstarfsfólk sem styður hvert annað í margslungnum verkefnum og kann að samgleðjast við stóra sem smáa áfangasigra.



Anton Schmidhauser,
verkefnastjóri

”
Upphaf bygginga-
framkvæmda Húss
Íslenskunnar og góður
gangur í framkvæmdum
standa upp úr
á árinu 2019.

Einnig var gerð ný innkoma inn á Hringbrautarsvæðið frá Snorrabraut og hún tengd nýjum götum og bílastæðum á neðri hluta lóðarinnar næst Hringbrautinni. Að auki var unnið að ýmsum smærri framkvæmdum sem tengjast breytingum þeim sem fyrirhugaðar eru með nýbyggingu meðferðarkjarnans.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Hús íslenskunnar

Mikil þróun og vinna átti sér stað í Húsi Íslenskunnar (áður Hús íslenskra fræða) á árinu 2019. Í febrúar var bygging hússins boðin út, en eins og alkunna er hafði jarðvinna vegna byggingarinnar farið fram fyrir allmörgum árum. Tilboð í bygginguna voru þrjú, og var á endanum ákveðið að taka tilboði Ístaks hf. Áætlað hafði verið að framkvæmdin myndi kosta 3.753 milljónir, en Ístak, sem átti lægsta tilboðið bauð 4.519 milljónir í verkið, eða um 20% yfir kostnaðaráætlun.

Unnið var að undirbúningi framkvæmdina um vorið og sumarið 2019 hófust loks þessar langþráðu



Skrifstofur Landspítalans eru nú til húsa í Skaftahlíð, en FSR innréttaði þar nútímalega skrifstofu- og kennsluástöðu.

framkvæmdir. Samningur mennta- og menningarmálaráðuneytis við Ístak var undirritaður 30. ágúst og voru byggingaframkvæmdir á fullum hraða út árið. Í lok árs var uppsteypu kjallara og botnplötu fyrir fyrirhugaða tjörn umhverfis húsið lokið og voru framkvæmdir þá ögn á undan áætlun.

Hús íslenskunnar mun gjörbylta starfi Árnastofnunar, sem varðveitir forn skinnhandrit, grundvöll íslenskrar þjóðmenningar og tungu. Þá mun íslenskudeild Háskóla Íslands hafa aðsetur í húsinu sem mun mynda grundvöll fyrir enn öflugra rannsóknarstarfi á tungumáli okkar. Tíminn sem gafst frá því að framkvæmdum var frestað á árinu 2013 til ársins 2019 var vel nýttur til að endurskoða hönnun hússins. Þannig var aukið rými sett í svæði þar sem sýna má gersemar Árnastofnunar og taka á móti gestum.

Áætlað er að Hús íslenskunnar verði tekið í notkun laust eftir mitt ár 2023. Byggingin verður um 6.500 fermetrar, auk um 2.200 fermetra opinnar bílageymslu sem myndar undirstöðu fyrir tjörn umhverfis húsið.



Hús íslenskunnar – áætlaður opunnartími er eftir mitt ár 2023.



Gústaf A. Hermannsson,
verkefnastjóri

”
Að kynnast því hve reynslumiklir starfsmenn FSR eru og hve verkefna-
miðað vinnuumhverfi mun breyta miklu í hönnun nýrra verkefna.

LHÍ (Listaháskóli Íslands)

Stefnt er að úrbótum í húsnæðismálum Listaháskóla Íslands, LHÍ, með aðkomu ríkisins. Mennta- og menningarmálaráðuneytið myndaði stýrihóp ráðuneytis, Listaháskólans og Ríkiseigna um mitt ár 2017 þar sem verkefnisstjórn er á hendi Framkvæmdasýslunnar. FSR vinnur þarfagreiningu og frumathugun fyrir skólann (LHÍ) í samvinnu við stýrihópinn. Nú er skólinn á fimm stöðum í bænum og enn fleiri húsum. Lögð er áhersla á að sameina starfsemi skólans þannig að hún verði öll á einni lóð/byggingu. Stýrihópurinn starfaði áfram á árinu 2019 að nánari útfærslu þarfagreiningar og greiningu valkosta fyrir húsnæðismál skólans.

Menntaskólinn í Reykjavík

Árið 2018 skipaði mennta- og menningarmálaráðuneytið (MMR) starfshóp, sem fékk það hlutverk að vinna að nýrri þarfagreiningu fyrir Menntaskólann í Reykjavík út frá framtíðarskipulagi skólans í samvinnu við FSR. Þetta var talið nauðsynlegt að gera þar sem ýmsar forsendur, m.a. varðandi skólustarf og kennsluhætti, hefðu breyst á þeim 24 árum, sem liðin voru frá því samkeppni var haldin um verkefnið. Starfshópurinn var skipaður fulltrúa ráðherra, fulltrúum MMR, rektor MR, forstjóra FSR, fulltrúa Reykjavíkurborgar og fulltrúa Ríkiseigna. Starfshópurinn skilaði nýrri þarfagreiningu í júlí 2019. Niðurstaða hennar er að byggja þarf um 2.620 fermetra til að aðstaða í MR verði sambærileg við aðra menntaskóla. FSR hóf vinnu við frumathugun verkefnisins á grundvelli þessa nýju þarfagreiningar og var áætlað að niðurstöður hennar lægju fyrir 2020.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið

Ofanflóðavarnir í Neskaupstað, Urðarbotnar og Sniðgil

Um er að ræða þriðja áfanga í gerð snjóflóðavarna fyrir Neskaupstað. Áður eru komin varnargarður og keilur neðan Drangagils ásamt upptakastoðvirkjum efst í Drangagili, sem og varnargarður og keilur neðan Tröllagilja auk stoðvirkja í Ytra og Innra Tröllagili.

Þetta verkefni felst í að byggja varnargarða ofan byggðar í Neskaupstað undan Urðarbotni og Sniðgili. Reisa skal 380 m langan þvergarð og 16 keilur í tveimur röðum fyrir ofan þvergarðinn.

Verktaki er Héraðsverk ehf. Samningsupphæð er 446 milljónir króna.

Framkvæmdir hófust 8. ágúst og stóðu alveg fram í miðjan desember. Verklök samkvæmt verksamningi er 1. des. 2021.

633 1756 Ofanflóðavarnir á Patreksfirði, Urðir, Hólar og Mýrar

Verkið felst í að reisa varnargarða gegn snjóflóðum. Um er að ræða tvo varnargarða sem staðsettir eru í hlíðinni ofan við byggðina á Patreksfirði. Annarsvegar er leiðigarður, sem ætlað er að leiða flóð framhjá byggð vestan til í bænum, ofan Hóla og Mýra, Mýrargarður og hinsvegar þvergarður með leiðigarðshluta sem staðsettur er ofan Urðargötu og Aðalstrætis, Urðargarður, sem ætlað er að stöðva snjóflóð áður en þau ná að byggðinni.



Sigurður Hlödversson,
verkefnastjóri ofanflóðavarna

”
Snævi þakin fjallshlíð er fögur, en við viljum ekki fá fönnina í formi snjóflóðs yfir byggðina!

Útboð fór fram um sumarið 2019 og voru opnuð 27. ágúst, verktaki er Suðurverk hf. Samningsupphæð er 1.297 milljónir króna. Ekki tókst að hefja framkvæmdir á árinu. Verklok samkvæmt verksamningi eru 1. des. 2023.

Að auki var unnið við ýmsar mótvægisáðgerðir á nokkrum stöðum, uppgræðslu og gróðursetningu víða um land.

Bríetartún 7, húsnæði Ríkisendurskoðunar

Húsnæði Ríkisendurskoðunar var komið til ára sinna þegar ákveðið var að ráðast í endurhönnun á því. Með aukinni tæknivæðingu hefur orðið talsverð breyting á starfsháttum starfsmanna stofnunarinnar og því tímabært að stofnunin fengi nútímalega vinnuádstöðu á þeim 700 fermetrum sem stofnunin hefur til umráða. Hjá Ríkisendurskoðun starfa á fimmta tug starfsmanna.

Verkefni FSR felst í að endurhanna og innrétta tvær hæðir í Bríetartúni, þar sem starfsemi Ríkisendurskoðunar er fyrir, án þess að rof verði á starfi stofnunarinnar. Við hönnun húsnæðisins var haft til hliðsjónar breytt tækni í vinnu starfsmanna stofnunarinnar og að auka sveigjanleika húsnæðisins, komi til frekari breytinga síðar meir.

Hönnun hæðanna fór fram í kjölfar þess að frumathugun hafði leitt hagkvæmni framkvæmdanna í ljós. Útboð var gert á grundvelli hönnunar í ágúst 2019 og hófst verktakinn Sérverk ehf handa við framkvæmdirnar í september. Starfsemi er í húsinu á framkvæmdatíma. Þriðja hæð var rýmd og byrjað á henni, hún var nánast kláruð árið 2019, skilað fullbúinni í lok janúar 2020. Fyrirhugað er að verkefnið klárast að fullu í apríl 2020.

Gestastofa Snæfellsþjóðgarðs, Hellissandi

Snæfellingar og gestir þeirra hafa lengi beðið þess að þjónustumiðstöð fyrir ferðamenn rísi í Snæfellsþjóðgarði.

Á árinu 2019 var fullnaðarhönnun þjónustumiðstöðvar í Þjóðgarði Snæfellsjökuls á Hellissandi lokið. Unnið var út frá samkeppnistillögu Arkís arkitekta.



Gestastofa Snæfellsþjóðgarðs á Hellissandi - tillaga Arkís arkitekta.

Ráðist var í útboð á jarðvinnu sem lokið var á árinu. Verktaki var Stafnafell ehf. í Snæfellsbæ. Þá var ráðist í útboð á byggingu miðstöðvarinnar. Lægsta tilboð reyndist 138% af áætluðum kostnaði og var því engu tilboði tekið. Að því loknu var ráðist í smávægilegar breytingar á hönnun, til að bjóða mætti byggingu hússins út að nýju á komandi ári.

Byggingin mun hýsa þjónustumiðstöð þjóðgarðsins með sýningar- og kennsluádstöðu, auk rýma fyrir starfsmenn þjóðgarðsins, svo sem skrifstofur, geymslur og aðstöðu fyrir þjóðgarðsverði, alls um 710 m². Byggingin samanstendur af tveimur megin byggingum sem tengjast saman með miðrymi. Önnur byggingin hýsir umsýslu fyrir daglegan rekstur þjóðgarðsins en hin hýsir starfsemi sem snýr að kennslu, fræðslu og upplýsingastarfi á hans vegum.

Byggingin er hönnuð og verður byggð í samræmi við alþjóðlega umhverfissvottunarkerfið BREEAM auk þess sem hún er hönnuð með BIM kerfinu sem einfaldar byggingu og rekstur byggingarinnar til allrar framtíðar.



Þorsteinn Geirharðsson,
verkefnastjóri

Það sem er minnisstætt eftir árið, fyrir utan að ég skipti um vinnu og byrjaði hjá FSR eftir heila starfsævi við arkitekta-störf á einkamarkaði, er hversu vel var tekið á móti mér bæði sem starfsmanni og persónu.



Ólafur M. Birgisson,
verkefnastjóri

Akstur á um 380.000 m³ af efni úr grunni nýs meðferðarkjarna og öðru sem tengist þessum áfanga við Landspítala hefur gengið furðu vel að okkar mati í allri þeirri umferð sem er við þetta svæði.

Gestastofa Vatnajökulsþjóðgarðs Kirkjubæjarklaustri

Við stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs var gert ráð fyrir að komið yrði upp neti upplýsinga- og þjónustustaða þjóðgarðsins. Þjónustunetið byggir á þremur megineringum, það er gestastofum, sem jafnframt verða skrifstofur þjóðgarðsins, starfsstöðvum landvarða og upplýsingastofum.

Í nóvember 2015, óskaði umhverfis- og auðlindaráðuneytið eftir því að Framkvæmdasýsla ríkisins ynni frumathugun, áætlunargerð og hefði umsjón með verklegri framkvæmd vegna fyrirhugaðrar byggingar gestastofu á Kirkjubæjarklaustri fyrir vestursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs.

Gert er ráð fyrir að gestastofan hýsi skrifstofur vestursvæðisins fyrir umsýslu og daglegan rekstur og sýningarsvæði sem snýr að kennslu, fræðslu og upplýsingastarfi. Aðalhönnuðir gestastofunnar eru Arkís arkitektar. Byggingin verður 765 fermetrar að stærð.

Gullfoss - Göngustígar og útsýnispallur

Kominn er tími á endurnýjun göngustíga og útsýnispalla við Gullfoss, enda má gera ráð fyrir að þessi mannvirki séu með þeim mest notuðu á Íslandi, en árlegur gestafjöldi við fossinn fór yfir 700 þúsund á árabílinu 2016 - 2018.

Á árinu 2019 var unnið að hönnun stíga og útsýnispalla. Útboðsgögn voru unnin og rýnd með því markmiði að bjóða verkið út snemma árs 2020. Framkvæmdatími er áætlaður frá vori um leið og aðstæður leyfa og fram til loka júlí 2020.

Utanríkisráðuneytið

Endurgerð húsnæðis utanríkisráðuneytis við Rauðarárstíg

Utanríkisráðuneytið er staðsett við Rauðarárstíg, í tveimur byggingum, númer 25 og 27. Innra fyrirkomulag Rauðarárstígs 27 er hannað fyrir bankastarfsemi fyrir á árunum fyrir aldamót. Veggir í húsinu hamla síbreytilegri starfsemi ráðuneytisins og leiða til verulegar rýmisþarfar umfram viðmið FJR um opinbert skrifstofuhúsnæði. Þá telja UTN og Íslandsstofa mikinn hag í því að skapa svigrúm innan húsnæðis UTN fyrir starfsemi Íslandsstofu. Slíkt væri óvinnandi vegur án heildar endurskipulagningu á húsnæði R27.

Á árinu 2019 fór fram frumathugun, þarfagreining og gerð húsrýmisáætlunar. Framkvæmd var greining fýsileika þess að taka upp verkefnaðið vinnuumhverfi auk þess sem framkvæmdir voru kostnaðarmetnar.

Markmið aðgerðanna er að bæta rýmisnýtingu húsnæðis UTN þannig að þau samræmist viðmiðum fjármálaráðuneytis um leið og starfsaðstaða ráðuneytisfólks er bætt og nútímavædd. Þá er ætlunin að rýma til, þannig að starfsemi Íslandsstofu öðlist viðeigandi svigrúm. Þannig skapist vettvangur fyrir nánara samstarf milli UTN og Íslandsstofu innan húsnæðis beggja aðila. Þá er sérstakt markmið að kostnaður endurbóta leiði ekki til aukins rekstrarkostnaðar aðila og að framkvæmdum verði lokið innan 16 mánaða frá upphafi þeirra.



Olga Guðrún Sigfúsdóttir,
verkefnastjóri

Velheppnaður samráðs-fundur með ráðuneytum vegna deiliskipulags Stjórnarráðsreitsins síðasta sumar stóð upp úr. Bestu yfirmenn sem ég hef haft hingað til og mjög góður andi á vinnustað.



Fasteignir í ríkiseigu

Ríkissjóður er stærsti einstaki fasteignaeigandi í landinu. Samkvæmt 20. gr. laga um opinberar framkvæmdir heldur Framkvæmdasýslan utan um skráningu fasteigna í eigu ríkissjóðs. Til að tryggja að opinber skráning fasteigna í ríkiseigu sé sem réttust er fylgst með þinglýstum réttindum og færslu eigna í fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands. Lagfæringar og leiðréttingar eru unnar í samráði við fjármála- og efnahagsráðuneytið, annaðhvort með þinglýsingu eða sambandi við sveitarfélög og/eða fasteignaskrá. Framkvæmdasýslan veitir þjónustu og upplýsingar sem tengjast ríkiseignum til ráðuneyta, ríkisstofnana, sveitarfélaga og annarra aðila sem vinna við stjórn fasteignauskýslu.

Upphaflega var eignaskrá ríkisins haldin í fjármálaráðuneytinu eða fram til 1995. Verkefnið var síðan tekið upp að nýju 2005 og vistað í Fasteignum ríkissjóðs en fært til Framkvæmdasýslunnar árið 2014. Frá því stofnunin tók við verkefninu hefur skráning ríkiseigna batnað mikið og upplýsingar um rekstraraðila þeirra orðið aðgengilegri.

Undanfarin ár hefur Þjóðskrá unnið að kerfisbreytingum og lagfæringum á fasteignaskránni. Framsetning gagna hefur tekið miklum breytingum og aukin

áhersla er á birtingu fasteignaréttinda á grundvelli þinglýstra gagna frá sýslumannsembættum. Þá hafa fjármála- og efnahagsráðuneyti og Þjóðskrá gert með sér samkomulag um skráarhald fasteignaskrár ríkisins. Framkvæmd samkomulagsins er í höndum Framkvæmdasýslunnar fyrir hönd ráðuneytisins.

Nokkur fjöldi ríkisaðila hafa umsjón með rekstri fasteigna í eigu ríkissjóðs. Stærstu aðilar á þessu sviði, í mannvirkjarekstri, eru Ríkiseignir með 408 eignir á 514.540 fermetrum, Landspítalinn með 46 eignir á 205.112 fermetrum og Háskóli Íslands með 35 eignir á 74.667 fermetrum. Þá eru þrír aðilar sem hafa umsjón með flestum jörðum í eigu ríkissjóðs en það eru Jarðeignir ríkisins með 295, Skógræktin með 50 og Landgræðslan með 31.

Hér að neðan eru samanteknar helstu niðurstöðutölur úr eignaskrá ríkisins. Gerðar eru ýmsar athugasemdir og settir fyrirvarar um þessa birtingu en nánari upplýsingar um það er að finna á vefsíðu Framkvæmdasýslunnar, www.fsr.is.



Stefán Ólafsson,
verkefnastjóri

Árið 2019 var
gott fótboltaár.

Stutt samantekt um fasteignir í eigu ríkissjóðs - febrúar 2020

Fasteignir miðað við eignarhluta (fjárhæðir í þús.)

Tegund eigna	Fjöldi	Flatarmál	Fasteignamat	Brunabótamat	Endurstofnverð	Afskrifað endurstofnverð
Hús og mannvirki	916	949,374	175,280,272	281,608,952	306,429,012	243,873,144
Jarðir og eyðibýli	339		6,880,617	14,757,296	17,039,502	12,377,107
Landréttindi	618		17,193,429			
Hlunnindi og ræktun	68		257,322	405,843	456,006	329,169
Samtals	1,941		199,611,640	296,772,091	323,924,520	256,579,420

Fasteignir – heildarstærðir (fjárhæðir í þús.)

Tegund eigna	Fjöldi	Flatarmál	Fasteignamat	Brunabótamat	Endurstofnverð	Afskrifað endurstofnverð
Hús og mannvirki	916	1,029,670	190,130,137	310,176,443	336,241,601	268,065,803
Jarðir og eyðibýli	339		7,008,542	15,135,011	17,460,430	12,678,385
Landréttindi	618		17,207,400			
Hlunnindi og ræktun	68		299,728	489,668	548,578	398,850
Samtals	1,941		214,645,807	325,801,122	354,250,609	281,143,038

Aths:

Gögnin byggja á þeim færslum í fasteignaskrá Þjóðskrár sem skráðar eru á ríkissjóð sem eiganda fasteignaréttinda.

Nokkur fjöldi eigna eru hlutaeignir, í flestum tilfellum er eignarhluti á móti sveitarfélögum.

Jarðir eru ekki metnar í samræmi við reglur um viðmiðun við markaðsverð fasteigna.

Eitthvað af grunnskólabyggingum hafa ekki verið færðar enn á sveitarfélög.

Skráning stærðar á jörðum og lóðum utan þéttbýlis er almennt ekki marktæk.

Í fasteignaskránni er nokkuð breytilegt hvernig eignir og eignarhlutar eru felldar undir fastanúmer þeirra.

Samgöngumannvirki eru ekki metin í fasteignamati en engu að síður er eitthvað af landi undir þeim skráð fasteign á núlli.

Lóðir og landréttindi eru skráðar sem hluti hvernar færslu í lista yfir mannvirki og koma því ekki fram í lista yfir land.

Jörðum, ræktunar- og hlunnindasvæðum fylgir í mörgum tilfellum blandaður mannvirkjakostur sem þá er ekki skráður í lista yfir mannvirki.

Ríkissjóður á talsvert af landi sem gerðir hafa verið leigusamningar um og kemur ekki fram hér þar sem fasteignaréttindi á lóðum eru breytilega skráð á leigutaka eftir innihaldi samnings.

Fasteignaskrá Þjóðskrár hefur, að undanförmu, gert miklar kerfisbreytingar, sérlega í birtingu fasteignaréttinda. Breytingarnar geta haft í för með sér að röng eða engin skráning ríkiseigna í þinglýsingarabók verður til þess, í einhverjum tilfellum, að ríkiseign hverfur af fasteignaskrá ríkisins eða eignir birtast í skránni sem ekki eiga þar heima. Vandamálið er ekki stærra en svo að það telst ekki hafa áhrif á niðurstöðu. Unnið er að því með Þjóðskrá og dómsmálaráðuneyti að lagfæra þær skekkjur sem þetta kann að valda.

Þróunar- og samstarfsverkefni

Framkvæmdasýslan tekur þátt í ýmsu formlegu samstarfi við innlendar stofnanir og hagsmunasamtök sem og við erlendar stofnanir.

Þátttaka í samstarfi innanlands er talsverð þar sem FSR er í samráði við ríkisstofnanir, sveitarfélög og ýmis hagsmunasamtök sem starfa á skyldum vettvangi.

BIM Ísland

BIM Ísland var stofnað árið 2008 sem samtök opinberra verkkaupa til að styðja við innleiðingu á BIM aðferðafræðinni í opinberum framkvæmdum á Íslandi.

FSR leiddi starf BIM Ísland allt til ársins 2018 en þá var BIM Ísland opnað öllum hagaðilum í byggingariðnaði með það að markmiði að vinna að stöðugum umbótum í notkun BIM og stafrænnar tækni til að auka gæði og hagræðingu í byggingu, viðhaldi og eignaumsýslu mannvirkja og vera leiðandi samráðsvettvangur í notkun, þróun og stöðun á BIM.

Að baki BIM Ísland stendur nú fjölbreyttur hópur fyrirtækja sem vilja styðja við framþróun BIM á Íslandi og stuðla að aukinni framleiðni í byggingariðnaði.

BIM, upplýsingalíkon mannvirkja

Upplýsingalíkon mannvirkja eða BIM (e. Building Information Modelling) er aðferðafræði sem FSR hefur staðið fyrir að innleiða í opinberum framkvæmdum síðan árið 2008. Á árinu 2019 hefur verið unnið markvisst að því að skilgreina þarfir og kröfur FSR sem verkkaupa í BIM

verkefnum í samræmi við nýja íslenska og CEN/ISO BIM staðla og stefnumarkandi leiðbeiningar fyrir innleiðingu á BIM sem gefnar voru út af vinnuhópnum EU BIM Task Group í handbókinni Handbook for the Introduction of Building Information Modelling by the European Public Sector í júlí 2018.

Stefnt er að því að BIM verkefni á vegum FSR standi ekki að baki BIM verkefnum á vegum systurstofnana á Norðurlöndunum og verði leiðandi fyrirmynd á íslenskum markaði.

FSR tekur þátt í EU BIM Task Group en þar vinnur Evrópusambandið, ásamt Noregi og Íslandi, að innleiðingu á BIM og notkun stafrænnar tækni í opinberum framkvæmdaverkefnum. Verkefnið er styrkt af Evrópusambandinu. Til að styðja byggingariðnaðinn í innleiðingu á BIM í gegnum árin hefur FSR haldið ýmis námskeið og flutt erindi á ráðstefnum þar sem aðferðafræði BIM er kynnt.

Á árinu 2019 voru 12 framkvæmdaverkefni yfir 500 m.kr. þar sem BIM aðferðafræðin var notuð, tveimur verkefnum var lokið á árinu, sex eru á mismunandi stigum hönnunar og fjögur eru í verkframkvæmd.

BIM aðferðafræðin var notuð í eftirtöldum verkefnum á árinu 2019:

Lokið 2019:

Hakið, Gestastofa Þingvöllum

NLSH Sjúkrahótel

Áætlunargerð 2019:

Hjúkrunaheimilið Höfn í Hornafirði

Skrifstofubygging Alþingis

Gestastofa Kirkjubæjarklaustri

Húsnæðismál forsætisráðuneytisins, Stjórnarráð viðbygging



Guðni Guðnason,
verkefnastjóri

Þátttaka í Digital Construction Week var mjög eftirminnileg og hve hröð þróun stafrænnartækni er í byggingargeiranum.

Skúlagata 4 – Húsnæði ráðuneyta
NLSH Meðferðarkjarni

Verkleg framkvæmd 2019:

Hjúkrunarheimili í Árborg
Hús íslenskunnar
Byggðastofnun Sauðakróki
NLSH götur veitur lóð

Dokkan

Dokkan er þekkingar- og tengslanet sem stendur fyrir fjölda áhugaverðra fræðslufunda á hverju ári í samstarfi við fyrirtæki. Fundirnir eru á sviði stjórnunar og rekstrar og tengjast einnig lífinu á vinnustaðnum. Starfsmenn FSR hafa aðgang að atburðum Dokkunnar.

Byggingavettvangur

Á árinu 2019 gerðist FSR aðili að Byggingavettvangnum (BVV), sem er samráðsvettvangur hagaðila í byggingariðnaði. Hlutverk hans er að tryggja og efla samtal lykilaðila, stuðla að meiri samhæfingu greinarinnar og betra samstarfi auk þess að auka nýsköpun, rannsóknir og þróun. Forstjóri FSR situr í stjórn Byggingavettvangs.

Meðal þess sem Byggingavettvangurinn vann að á árinu voru tillögur að umbótum í byggingariðnaði en sem vettvanginum var falið að vinna á grunni skýrslu áttakshóps sem út kom árið 2019 um bættu stöðu á húsnæðismarkaði og sam. Í þessu samhengi stóð BVV fyrir samráðsdegi þar sem hagaðilum bauðst að koma sjónarmiðum sínum að. Í þeirri vinnu komu fram nokkrir þættir þar sem úrbóta er þörf. Þeirra á meðal voru dreifing málefna innan stjórnsýslunnar, skortur á flokkun mannvirkja, langur málsmeðferðartími kæra, og skortur á rafrænni stjórnsýslu. Tillögurnar voru kynntar á málþingi með ráðherra byggingamála í nóvember 2019 og í kjölfarið teknar til frekari vinnslu í tengslum við breytingar á lögum um mannvirki og byggingarreglugerð.



Sigurður Norðdahl,
verkefnastjóri

Á árinu var aukning í verkefnum FSR ásamt fjölgun starfsfólks og voru gerðar allnokkrar breytingar á skipulagi húsnæðisins til að koma öllum fyrir.

Framkvæmdafræði við Háskóla Íslands

Til nokkurra ára hefur Háskóli Íslands haldið námskeiðið Framkvæmdafræði 1 en um er að ræða námskeið Verkfræði- og náttúruvísindasviðs sem tilskilinn hluti á þriðja ári BS náms í Umhverfis- og byggingaverkfræði. Á námskeiðinu er nemendum veitt þjálfun og færni til að beita undirstöðuatriðum í verkefnisstjórn og framkvæmdafræði í byggingariðnaði.

Tveir starfsmenn FSR miðluðu þekkingu sinni sem kennarar á þessum námskeiðum á árinu, þeir Ármann Óskar Sigurðsson og Örn Baldursson.



GRÆNNI
BYGGÐ

Grænni byggð

Grænni byggð, Green Building Council Iceland (áður Vistbyggðarráð) var stofnað árið 2010 af 32 íslenskum fyrirtækjum, stofnunum og sveitarfélögum sem eiga það sameiginlegt að vilja stuðla að vistvænni þróun byggðar héraendis. Þann 1. nóvember 2018 varð Grænni byggð aðili að alþjóðlegu samtökunum World Green Building Council.



Hróðný Njarðardóttir,
verkefnastjóri

Gleðin allsráðandi
hjá FSR með
skemmtilegu fólki.

Tilgangur félagsins er að vera leiðandi vettvangur á sviði vistvænnar þróunar við skipulag, hönnun, byggingu, rekstur og viðhald mannvirkja á Íslandi. Markmið félagsins er að hvetja til stöðugra umbóta í anda sjálfbærrar þróunar í mannvirkjagerð og skipulagi og stuðla þannig að því að þjóðin geti ávallt búið við heilbrigð og góð lífsskilyrði.

Grænni byggð starfrækir faghópa á meðal aðildarfélagum, skipuleggur fræðsluviðburði, gefur út fræðsluefni og tekur þátt í rannsóknar- og þróunarverkefnum. Grænni byggð tekur virkan þátt í erlendu samstarfi við systursamtök, sérstaklega á Norðurlöndum, í gegnum verkefni og viðburði.

Framkvæmdasýsla ríkisins var einn af stofnaðilum Grænni byggðar og hefur tekið virkan þátt í starfsemi félagsins frá upphafi. Starfsmaður FSR situr í stjórn Grænni byggðar. Bergljót S. Einarsdóttir sat í stjórn Grænni byggðar fyrir hönd FSR frá janúar til maí 2018. Í júní 2018 tók Olga Árnadóttir við stjórnarsetu og situr enn.

Helstu viðburðir sem Grænni byggð stóð fyrir eða tók þátt í árið 2018 voru:

- Virka samgöngusamningar? Málstofa um samgöngusamninga (mars 2018)
- Dagur Grænni byggðar – ráðstefna um sjálfbærni í byggingariðnaði (maí 2018)
- Vistferilsgreiningar og sjálfbærni í grænlenskum byggingariðnaði – málstofa (ágúst 2018)
- Heimsókn í Efnismiðlun Sorpu (ágúst 2018)
- Hvað er umhverfisvæn bygging í íslensku samhengi? Vinnustofa (september 2018)
- Umhverfisdagur atvinnulífsins – fyrirlestur Grænni byggðar um vistvæn mannvirki (október 2018)
- Græni stígurinn í græna treflinum – málstofa (nóvember 2018)
- Ráðstefna um byggingarúrgang – samstarf Grænni byggðar, Samtaka iðnaðarins og Fenúr (nóvember 2018)
- Viðmið fyrir vistvæna byggingu – málstofa þar

sem niðurstöður vinnustofu voru kynntar (nóvember 2018)

- Hönnun gatnamóta fyrir fjölbreyttan ferðamáta – málstofa (desember 2018)
- Umsóknarferli og formleg aðild að World Green Building Council
- Norrænir fundir í Osló og Evrópufundur í Amsterdam

Styrkt verkefni á vegum Grænni byggðar

Grænni byggð hlaut eftirfarandi verkefnastyrki árið 2018

- Verkefnið „Umhverfisvæn bygging í íslensku samhengi“ (styrkt af umhverfis- og auðlindaráðuneyti)
- Verkefni um byggingarúrgang (styrkt af Mannvirkjastofnun, vinna fer fram árið 2019)
- Verkefni um rannsóknir á vistvottunarkerfum (styrkt af Mannvirkjastofnun, vinna fer fram árið 2019)
- Verkefni um prófanir á vistvottunarkerfum (styrkt af Mannvirkjastofnun, vinna fer fram árið 2019)

Jarðtæknifélag Íslands

Jarðtæknifélagið var stofnað 1978 og er viðurkenndur aðili að alþjóðasamtökum í mannvirkjarðfræði og jarð- og bergtækni. Framkvæmdasýsla ríkisins er stuðningsaðili félagsins ásamt öðrum fyrirtækjum og stofnunum.





Karl Pétur Jónsson,
verkefnastjóri

Frábært að taka þátt í örum breytingum á umhverfi opinberra framkvæmda með öflugum hópi starfsmanna FSR.

NKS – Norrænt samstarf um ríkisbyggingar

Norrænt samstarf um ríkisbyggingar / Nordisk Kontakt om Statsbygninger (NKS) er samstarfsvettvangur FSR við systurstofnanirnar á Norðurlöndum. Haldnar eru ráðstefnur á tveggja ára fresti og stendur starfsmönnum aðildarstofnana til boða aðgangur að sérþekkingu systurstofnanna sem mikið verðmæti er fólgið í fyrir hið smá íslenska samfélag.

PuRE-net – Vinnuaðstöðusamtök

Á árinu 2018 gerðist FSR aðili að PuRE-net (The Public Real Estate Network) sem eru evrópsk samtök systurstofnana FSR/Ríkiseigna og ráðuneyta þar sem skipst er á skoðunum um fasteignamál hjá hinu opinbera og tengd efni. Samtökin halda árlega vinnustofur um málefni tengd opinberum vinnustöðum þar sem tækifæri gefst til að virkja og efla tengslanet þeirra á milli. Framkvæmdasýslan tekur virkan þátt í þessu starfi. Á árinu 2019 fóru fjórir fulltrúar FSR á ársþing PuRE-net í Edinborg, auk þess sem fulltrúar fjármálaráðuneytis og Ríkiseigna sátu fundinn.



Samtök iðnaðarins

Útboðsþing Samtaka iðnaðarins var haldið 24. janúar 2019 á Grand Hótel Reykjavík. Guðrún Ingvarsdóttir, forstjóri FSR, hélt þar erindi um fyrirhugaðar verkfræmdir á vegum FSR og Ríkiseigna 2019.



Steinsteypufélag Íslands

Framkvæmdasýslan er aðili að Steinsteypufélagi Íslands. Helsti viðburður félagsins er hinn árlegi steinsteypudagur. Að þessu sinni var hann haldinn 15. febrúar 2019 á Grand Hótel Reykjavík. Boðið var upp á fjölbreytta dagskrá með öflugum fyrirlesurum og tekið á mörgum mikilvægum málum tengdum byggingariðnaðinum.



Kristján B. Ólafsson,
verkefnastjóri

Aukin áhersla var lögð á fjármál, fjármálagreiningu og myndræna framsetningu.



Rekstur og starfsfólk

Rekstrarafkoma

Tekjur ársins námu rúmum 547 m.kr. sem er rúmum 12% hærra en gert var ráð fyrir í rekstraráætlun. Gjöld ársins námu 543 m.kr. og voru því rúmum 13% yfir áætluðum gjöldum.

Tekjur hækkuðu frá fyrra ári um 207 m.kr. eða 61%. Gjöld hækkuðu um rúmar 205 m.kr. eða 60%. Afkoma stofnunarinnar varð nokkuð lakari en áætlun ársins gerði ráð fyrir og nam rekstrarafgangur ársins 4,5 m.kr. en gert hafði verið ráð fyrir afgangi upp á 8 m.kr.

Launagjöld eru stærsti útgjaldaliður í rekstri stofnunarinnar. Á árinu 2019 námu þau rúmum 365 m.kr. eða rúmum 67% af heildargjöldum. Launagjöld hækkuðu milli ára um sem nemur 116 m.kr. eða um 46%. Launaliður var rúmum 34 m.kr. eða tæpum 9% undir áætlun ársins. Helstu ástæður eru að áform stofnunarinnar um ráðningar gengu ekki eftir.

Í heildina nam annar rekstrarkostnaður 178 m.kr. og hækkaði frá fyrra ári um 98 m.kr. sem er tvöföldun frá fyrra ári. Aukningin skýrist að langmestu leyti í því að stofnunin lagði út fyrir kostnaði í þágu verkefna. Áhrifin eru því bæði gjalda og tekjumegin.

Engin breyting varð á afskriftasjóði á árinu og stendur hann í 7 m.kr. í lok ársins.

Í árslok nam eigið fé Framkvæmdasýslunnar tæpum 48 m.kr.

Verkbókhald FSR

Stærstur hluti þeirra verka sem Framkvæmdasýsla ríkisins hefur umsjón með er í bókhalds- og greiðsluþjónustu hjá stofnuninni. Lög um skipan opinberra framkvæmda kveða enda á um að svo skuli vera til að stuðla að aukinni hagkvæmni í opinberum framkvæmdum. Með því er verkefnastjórum gert kleift að hafa ávallt nýjustu upplýsingar um fjárhagsstöðu verkanna og auðveldar það kostnaðargát á verkum.

Eins og fram kemur í meðfylgjandi mynd jókst velta FSR vegna verkefna um rúm 33% á milli árunna 2018 og 2019.

Starfsmannamál

Í lok ársins 2019 störfuðu hjá FSR 31 starfsmaður í 30,7 stöðugildum.

Starfsemi stofnunarinnar kallar á nokkuð hátt menntunarstig og er meirihluti starfsmanna háskólamenntaður. Konur voru um áramót 29% af mannafla FSR. Það er markmið jafnréttisáætlunar FSR að tryggja að starfsmenn hafi jöfn tækifæri óháð kynferði og að stuðla að jafnri stöðu karla og kvenna innan stofnunarinnar.

Umtalsverðar breytingar urðu á mannahaldi stofnunarinnar á árinu 2019.



Gísli Þór Gíslason,
gæðastjóri

Mikil aukning verkefna, fjölgun starfsmanna og ábyrgðarverkefnum fjölgaði. Markverðum áföngum fagnað og starfsmannafélagið á fljúgandi siglingu á árinu.



Berglind Ólafsdóttir,
verkefnastjóri

Það sem stóð upp úr á árinu 2019 var að sjá framkvæmdir við Hús íslenskunnar hefjast á ný.



Ingibjörg Ólfsdóttir,
móttökuritari

Árið 2019 var ár vaxtar
hjá FSR, félagslífið
blómstraði og bjórinn
alltaf kaldur í vörslu
Auðvitað!

Fjórir verkefnastjórar létu af störfum. Þetta eru þau Arna Björk Jónsdóttir, Gíslína Guðmundsdóttir, Guðrún Fanney Sigurðardóttir og Sigurður Hlökkversson. Sextán verkefnastjórar hófu störf ár árinu. Þetta eru Anna Sofía Kristjánsdóttir, Anton Örn Schmidhauser, Björn Hlíðkvist Skúlason, Friðrik Óttar Friðriksson, Gísli Þór Gíslason, Guðmundur Möller, Guðrún Vala Davíðsdóttir, Gústaf Adolf Hermannsson, Hreinn Sigurðsson, Hróðný Njarðardóttir, Jóhann Gunnar Gunnarsson, Karl Pétur Jónsson, Kristján Bjarnar Ólafsson, Olga Guðrún B Sigfúsdóttir, Una Eydís Finnsdóttir og Þorsteinn Geirharðsson. Þá starfaði Katrín Bryndís Sverrisdóttir tímabundið hjá stofnuninni á árinu.

Starfsmannafélagið Auðvitað

Starfsmannafélagið Auðvitað starfaði af fullum krafti á árinu 2019. Ný stjórn Auðvitað var kjörin í upphafi árs. Nýja stjórn skipuðu Olga Árnadóttir, formaður, Guðrún Fanney Sigurðardóttir gjaldkeri og Kristján Rafn Harðarson ritari. Varastjórnendur voru Ármann Óskar Sigurðsson og Berglind Ýr Ólafsdóttir. Varastjórnendur voru kjörnir Ármann Óskar Sigurðsson og Berglind Ýr Ólafsdóttir.

Guðni Geir Jónsson og Sigurður Norðdahl voru kjörnir skoðunarmenn.

Stjórnin stóð fyrir ýmsum spennandi viðburðum. Farið var í vettvangsferðir í Sjúkrahótel Landspítalans og í Hakið á Þingvöllum. Þá var slegið upp þorrabloti og jólahlaðborði og haldnar getraunir í tilefni lokapáttar Ófærðar og um úrslit Söngvakeppninnar. Þá voru haldin fjölsótt golf- og keilumót og vegleg kveðjuboð fyrir starfsmenn sem hættu hjá stofnuninni.

Hápunktur ársins var svo árshátíð FSR sem var haldin í Bragganum í Skerjafirði að þessu sinni með góðum mat, söng og gleði.

Vegna mannabreytinga hjá FSR var kjörin ný stjórn á aukaaðalfundi í október.

Í nýrri stjórn sitja: Jóhann Gunnar Gunnarsson formaður, Hróðný Njarðardóttir gjaldkeri, Gísli Þór Gíslason ritari. Varamenn í stjórn eru Anna Sofía Kristjánsdóttir og Anton Örn Schmidhauser. Skoðunarmenn eru þeir sömu og áður.



Guðni Geir Jónsson,
sviðsstjóri rekstrarsviðs

Umtalsverðar
breytingar
til hins betra
hjá FSR er varða
mannauð, skipulag
og starfsaðstöðu.

Ársreikningur 2018

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Framkvæmdasýsla ríkisins er ríkisaðili í A-hluta sem starfar á grundvelli sérлага. Stofnunin er leiðandi afl á sviði opinberra framkvæmda með það að markmiði að bæta verklag og auka skilvirkni, hagkvæmni og gæði við framkvæmdir ríkisins.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 5 og málaflokk 20 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2019 var ársveltan kr. 547,7 milljónir og afkoma kr. 4,6 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 47,9 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 1.218,0 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2019 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Framkvæmdasýslu ríkisins í samræmi við lög um opinber fjármál og lög um ársreikninga.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Framkvæmdasýslu ríkisins fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Guðrún Ingvarsdóttir
Forstöðumaður



Yfirlit um afkomu ársins 2019

	Skýr	2019	2018
Tekjur			
Seld þjónusta		547.716.213	340.164.645
Framlög og ýmsar tekjur		0	200.000
Tekjur samtals		547.716.213	340.364.645
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	2	365.309.040	249.279.940
Annar rekstrarkostnaður	3	173.357.096	85.275.268
Afskriftir		4.474.482	3.827.381
Gjöld samtals		543.140.618	338.382.589
Afkoma (tap) fyrir fjármagnsliði		4.575.595	1.982.056
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður		48.511	57.758
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap	4	(72.109)	(84.831)
		(23.598)	(27.073)
Afkoma ársins		4.551.997	1.954.983

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2019

Eignir	Skýr	31.12.2019	31.12.2018
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	5		
Áhöld, tæki og búnaður		15.757.387	10.705.645
Aðrar eignir		0	6.446
Fastafjármunir samtals		15.757.387	10.712.091
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur		19.156.541	6.689.935
Tengdir aðilar	6	590.379.371	302.257.099
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður		33.729.891	22.085.511
Handbært fé		558.950.440	881.745.039
Veltufjármunir samtals		1.202.216.243	1.212.777.584
Eignir samtals		1.217.973.630	1.223.489.675
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	7		
Hrein eign		47.866.688	43.314.691
Eigið fé samtals		47.866.688	43.314.691
Skuldir			
Tengdir aðilar	6	926.399.343	1.031.247.887
Viðskiptaskuldir		206.517.275	119.272.441
Ýmsar skammtímaskuldir	8	37.190.324	29.654.656
Skuldir samtals		1.170.106.942	1.180.174.984
Eigið fé og skuldir samtals		1.217.973.630	1.223.489.675
Aðrar upplýsingar	10		

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds. Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda. Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggir atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggja kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörstigi og breytt ef við á.

Skýringar

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld og búnaður	3-10 ár
Aðrar eignir	10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Skýringar

	2019	2018
2 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður		
Laun	289.786.729	198.187.625
Orlof, breyting	6.012.664	3.047.640
Launatengd gjöld	66.174.196	45.959.297
Starfsmannakostnaður	3.335.451	2.085.378
	<u>365.309.040</u>	<u>249.279.940</u>
Meðalfjöldi stöðugilda	25,8	19,5
3 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	1.936.044	1.362.943
Ýmis tæki og áhöld	2.468.837	857.033
Varahlutir og viðhaldsvörur	0	13.826
Orkugjafar	209.071	216.240
Matvæli	1.515.120	1.100.909
Almennar rekstrarvörur	170.512	190.930
Vörukaup, almenn	<u>6.299.584</u>	<u>3.741.881</u>
Fundir, námskeið, risna	4.860.680	2.010.110
Ferðir, uppihald	5.354.240	3.469.615
Akstur	3.337.019	2.975.178
Sérfræðiþjónusta	112.923.152	48.613.044
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	129.149	132.719
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	3.066.933	2.014.868
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	991.312	783.768
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	<u>130.662.485</u>	<u>59.999.302</u>
Afnotagjöld	15.569.756	14.214.265
Leigugjöld	13.790.808	7.269.748
Notkun véla og flutningatækja	254.130	14.000
Verkkaup	1.685.653	1.631.467
Kostnaðarhlutdeild	4.779.680	3.309.555
Tilfærslur	315.000	95.050
Breyting niðurfærslu krafna	0	(5.000.000)
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	<u>36.395.027</u>	<u>21.534.085</u>
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>173.357.096</u>	<u>85.275.268</u>
4 Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		
Fjármagnskostnaður	14.639	2.512
Gengistap, endurmat	57.470	82.319
	<u>72.109</u>	<u>84.831</u>

Skýringar

5 Varanlegir rekstrarfjármunir

	31.12.2019	31.12.2018
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður	15.757.387	10.705.645
Aðrar eignir	0	6.446
	<u>15.757.387</u>	<u>10.712.091</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2019:

	Áhöld, tæki og búnaður	Aðrar eignir	Samtals
Staða 1.1.2019	23.925.054	85.905	24.010.959
Viðbætur á árinu	9.519.778	0	9.519.778
	<u>33.444.832</u>	<u>85.905</u>	<u>33.530.737</u>
Afskriftir 1.1.2019	13.219.409	79.459	13.298.868
Afskrift ársins	4.468.036	6.446	4.474.482
	<u>17.687.445</u>	<u>85.905</u>	<u>17.773.350</u>
Staða 31.12.2019	<u>15.757.387</u>	<u>0</u>	<u>15.757.387</u>

	31.12.2019	31.12.2018
--	-------------------	-------------------

6 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	597.379.371	287.634.105
Áætlð leiðrétting vegna fjárveitinga	0	21.622.994
	<u>597.379.371</u>	<u>309.257.099</u>
- Niðurfærsla vegna tapsáhættu	(7.000.000)	(7.000.000)
	<u>590.379.371</u>	<u>302.257.099</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningar við ríkissjóð	256.679.978	498.677.816
Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	669.719.365	532.570.071
	<u>926.399.343</u>	<u>1.031.247.887</u>

7 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum:

Hrein eign

Jöfnuður 1.1.	43.314.691	41.359.708
Afkoma ársins	4.551.997	1.954.983
Jöfnuður 31.12.	<u>47.866.688</u>	<u>43.314.691</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytis. Ákvörðun ráðuneytisins er byggð á reglum sem ráðuneytið setur út frá 30.gr. laga um opinber fjármál og samráði við viðkomandi fagráðuneyti og verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi 2019 og B-deild Stjórnartíðinda.

Skýringar

8 Ýmsar skammtímaskuldir

	31.12.2019	31.12.2018
Ógreitt orlof	30.267.320	24.254.656
Fyrirframinnheimtar tekjur	6.923.004	5.400.000
	<u>37.190.324</u>	<u>29.654.656</u>

10 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði og ótímabundna þjónustusamninga um rekstur og vörslu hugbúnaðarkerfa. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 13,8 milljónum og vegna þjónustu- og vörslusamninga kerfa kr. 9,2 milljónum.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2019.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.



Stefna, aðgerðir og árangur á árinu 2019

Í samræmi við lög um opinber fjármál setur FSR sér á hverju ári stefnu þar sem skilgreind eru markmið í kjarnastarfsemi og rekstrarþáttum ásamt tengdum aðgerðum og mælikvörðum. Hér að aftan er gerð grein fyrir megináherslum stefnu FSR fyrir árið 2019 auk þess sem gerð er grein fyrir stöðu aðgerða og mælikvörðum í lok árs.

Kjarnastarfsemi

Framkvæmdasýsla ríkisins, FSR, fer með stjórn verklegra framkvæmda af hálfu ríkisins og veitir ráðuneytum og ríkisstofnunum ráðgjöf um byggingartæknileg málefni og undirbúning framkvæmda. Framkvæmdasýsla ríkisins starfar samkvæmt lögum nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda og heyrir undir fjármála- og efnahagsráðuneytið. Starfsemi Framkvæmdasýslunnar er alfarið fjármögnuð með sértekjum.

Hlutverk FSR, er að vera leiðandi afl á sviði opinberra framkvæmda og húsnæðisöflunar með það að markmiði að tryggja skilvirkni, hagkvæmni og gæði við fjárfestingar ríkisins.

Framtíðarsýn FSR er að vera öflug þekkingarstofnun á sviði verklegra framkvæmda og húsnæðisöflunar sem veitir viðskiptavinum sínum góða ráðgjöf og þjónustu, stuðlar að sjálfbærri framþróun mannvirkjagerðar og tryggir að eignir ríkisins og húsnæði í leigu ríkisins nýtist með hagkvæmum hætti og skili samfélagslegum ávinningi.

Í stefnuþríhyrningi FSR má sjá meginviðdir starfsemi stofnunarinnar og þau meginmarkmið sem nánar er lýst í meðfylgjandi stefnu.


Meginverkefni FSR snúa að umsjón með verklegum framkvæmdum ríkisins, allt frá undirbúningsstigi þeirra og áætlunargerð að verklegum framkvæmdum og gerð skilamats. FSR sinnir einnig umsjón verkefna vegna framkvæmda við ofanflóðavarnir og liðsinnir

ráðuneytum og ríkisstofnunum í húsnæðisöflun. Stofnunin vinnur þarfagreiningar, húsrýmisáætlanir og frumathuganir og fer með umsjón með áætlanagerð sé þess óskað. Samkvæmt 20. gr. laga nr. 84 frá 2001 skal FSR byggja upp og viðhalda skrá yfir fasteignir ríkisins sem gagnast ráðuneytum og ríkisstofnunum við stjórn fasteignaumsýslu. Til að tryggja sem best gögn á þessu sviði er unnið að samræmingu á skráningu ríkiseigna í fasteignaskrá Þjóðskrár og þinglýsingarbókum sýslumannsembættta. Skráningin er unnin í samvinnu við Þjóðskrár og sýslumannsembættin að höfðu samráði við fjármála- og efnahagsráðuneytið. FSR vinnur og heldur utan um mannvirkjaáætlun ríkisins.

Samkvæmt lögum um skipan opinberra framkvæmda, nr. 84/2001 skiptast opinberar framkvæmdir í fjóra skýrt afmarkaða áfanga. Þessir áfangar eru frumathugun, áætlunargerð, verkleg framkvæmd og skilamat. Niðurstöður frumathugunar og áætlunargerðar skal leggja fyrir fjármála- og efnahagsráðuneytið til samþykktar áður en heimilt er að hefja undirbúning næsta áfanga. Samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir er ráðuneytinu til ráðgjafar um framkvæmd laga um skipan opinberra framkvæmda.

Breytt fyrirkomulag á eignaumsýslu ríkisins með fasteignum og vaxandi fjöldi húsnæðisöflunarverkefna mun kalla á frekari greiningarvinnu en hefur verið til þessa t.d. við mat á ólíkum húsnæðiskostum, kostnaðargreiningar og þróun valkosta við fjárfestingar. Þá mun Framkvæmdasýslan á komandi misserum leiða þróun og innleiðingu framkvæmda- og fjárfestingaráætlunar vegna húsnæðis- og framkvæmdamála ríkisins í samstarfi með fjármála- og efnahagsráðuneytinu. Til að mæta þessum verkefnum verður á árinu byggt upp teymi greininga og stefnumótunar er heyra mun undir stoðþjónustu FSR.

Sérstök áhersla verður á árinu á innleiðingu áhættu- miðaðrar verkefnisstýringar í framkvæmdaverkefnum FSR og er það liður í að efla kostnaðargát og ögun á vettvangi opinberra framkvæmda. Þá verður lögð



Stefnuþríhyrningur FSR

áhersla á að efla notendamiðaða þjónustu við opinbera aðila sem hyggja á breytingar á nýtingu húsnæðis. Er þetta m.a. liður í því að styðja við innleiðingu markaðsleigu vegna húsnæðis ríkisins sem skapa mun aukna hvata til hagræðingar í nýtingu húsnæðis.. Þá verður á árinu unnið markvisst með stjórnendum Ríkiseigna að aukinni samvinnu og samlegð í starfsemi stofnananna með það að markmiði að búa í haginn fyrir framtíðar sameiningu fasteigna- og framkvæmdamála undir einni stofnun.

Rekstrarþættir

Almennt fær Framkvæmdasýsla ríkisins ekki framlag úr ríkissjóði til starfsemi sinnar heldur er hún fjármögnuð með sértekjum, þ.e. þóknun fyrir þjónustu við viðskiptavini. FSR þjónar ráðuneytum og stofnunum og er ánægja viðskiptavina könnuð árlega. FSR vinnur skv. vottuðu gæðastjórnunarkerfi og eru stöðugar umbætur hluti af starfsemi stofnunarinnar.

Starfsfólk FSR er lykill að velgengni stofnunarinnar en áhersla er lögð á að starfsmenn fái að njóta sín í starfi og hafi möguleika á að auka þekkingu sína og færni með markvissum hætti. Lögð er áhersla á árangur, fagmennsku og áreiðanleika.

A Kjarnastarfsemi				
Markmið, mælikvarðar og aðgerðir				
Nr.	Markmið			
A1	Ábyrg fjárfesting með samfélagslegum ávinningi			
	Mælikvarðar	Staðan 2018	Viðmið 2019	Staðan 2019
	Betri nýting rýma með færri fermetrum á hvern starfsmann í húsnæðisöflunarverkefnum FSR.	19,9 m ² (eldra húsnæði) 18 m ² (nýbyggingar)	20 m ² (eldra húsnæði) 18 m ² (nýbyggingar)	19,8 m ² (eldra húsnæði) 17,4 m ² (nýbyggingar)
	Að ákvarðanir varðandi uppbyggingaráform, hvort sem er varðandi byggingaframkvæmdir eða húsnæðisöflun taki mið af framkvæmda- og fjárfestingaáætlun vegna húsnæðis- og framkvæmdamála ríkisins.	–	Innleiðing	Innleiðing
Nr.	Verkefni/aðgerðir			Staða aðgerða
A1.1	Þróa og innleiða framkvæmda- og fjárfestingaáætlun í samvinnu með fjármála- og efnahagsráðuneytinu.			Undirbúningur hafinn
A1.2	Eftirfylgni og kynning stærðarviðmiða og nýjunga í þróun skrifstofuhúsnæðis.			Aðgerð hafin
A1.3	Úttekt á fermetranotkun á starfsmann í skrifstofuhúsnæði ríkisins. Unnið í samvinnu við Ríkiseignir.			Aðgerð lokið
	Þróa valkostagreiningar og fjárfestingarlíkön við húsnæðisöflun og framkvæmdir á vegum ríkisins.			Aðgerð komin vel á veg
Nr.	Markmið			
A2	Sjálfbær framþróun byggingariðnaðar og manngerðs umhverfis.			
	Mælikvarðar	Staðan 2018	Viðmið 2019	Staða 2019
	Hlutfall verkefna (yfir 500 milljóna velta) sem nýta BIM.	90%	95%	92%
	Hlutfall verkefna með umhverfisstefnu, þ.m.t. vottun (verkefni yfir 500 m.kr. í framkvæmdakostnað – ofanflóðaverkefni eru ekki talin með)	92% (11 verkefni í vottunarferli)	95% vottuð verkefni (fj. Verkefni í vottunarferli)	100%
	Vefur FSR - Aðsókn			


Nr.	Verkefni/aðgerðir	Staða aðgerða
A2.1	Stuðningur og fræðsla um notkun BIM í framkvæmdaverkefnum á vegum ríkisins	Aðgerð komin vel á veg
A2.2	Skilgreining og eftirfylgni umhverfisviðmiða í öllum meginverkefnum í umsjón FSR	Aðgerð komin vel á veg
A2.3	Þróun umhverfisviðmiða í þeim verkefnum FSR sem ekki fara í umhverfsvottun	Aðgerð komin vel á veg
A2.4	Þróun útboðsskilmála sem fyrirbyggja ólögsmæta starfsemi í byggingariðnaði (samstarf við Ríkiskaup og aðila vinnumarkaðar)	Aðgerð komin vel á veg
A2.5	Samantekt, birting og kynning árangurstalna úr skilamötum vegna framkvæmdaverkefna FSR	Aðgerð lokið
A2.6	Gera hagrænan samanburð á mismunandi útboðsformum (kostnaður og gæði) og eftir atvikum þróa ný útboðsform (t.d. samstarfsverkefni)	Aðgerð komin vel á veg


Nr.	Markmið			
A3	Aukin gæði, hagkvæmni og skilvirkni í verkefnum FSR.			
	Mælikvarðar	Staðan 2018	Viðmið 2019	Staða 2019
	Tímaáætlanir verklegra byggingarframkvæmda standist.	1,7 mán.	2,5 mán.	1,5 mán.
	Tímaáætlanir ofanflóðaframkvæmda standist.	1,8 mán. (2 verkefni)	2 mán.	Ekkert ofanflóðaverkefni kláraðist á árinu
	Kostnaðaráætlun framkvæmdaverkefna standist.	-4,8% (5 útgefin skilamöt)	2/9% (nýbyggingar/ endurgerð)	+11,9% (byggt á tveimur verkefnum, ekkert skilamat gefið út á árinu)

Nr.	Verkefni/aðgerðir	Staða aðgerða
A3.1	Gera úttekt á byggingarkostnaði mismunandi verkkaupa (ríkið, OHF, sveitarfélög, einkaaðilar) á mismunandi tegundum bygginga	Hætt við verkefni – gögn ófánleg
A3.2	Innleiða áhættuflokkun verkefna (t.d. A, B og C flokkar) sem meti umfang (stærð og fjárhag), tilhögun verkefnisstýringar, umfang samráðs og áhættuvöktun gegnum heildarferli þeirra.	Undirbúningur hafinn
A3.3	Þróun verkefnisáætlana (A/B/C) fyrir öll verk, vörður verkefna, kostnaður, tími og mönnun á mismunandi stigum verka.	Undirbúningur hafinn
A3.4	Þróun kostnaðaráætlana (kostnaðarbanki FSR og rauntölur úr magntöluskram)	Aðgerð komin vel á veg
A3.5	Bæta tímaáætlanir framkvæmdaverkefna (lagfæringar, búnaður, virkni- og viðtökuprófanir)	Aðgerð lokið

B Markmið, mælikvarðar og aðgerðir				
<p>Almennt fær Framkvæmdasýsla ríkisins ekki framlag úr ríkissjóði til starfsemi sinnar heldur er hún fjármögnuð með sértekjum, þ.e. þóknun fyrir þjónustu við viðskiptavinum. FSR þjónar ráðuneytum og stofnunum og er ánægja viðskiptavina könnuð árlega. FSR vinnur skv. vottuðu gæðastjórnunarkerfi og eru stöðugar umbætur hluti af starfsemi stofnunarinnar.</p> <p>Starfsfólk FSR er lykill að velgengni stofnunarinnar en áhersla er lögð á að starfsmenn fái að njóta sín í starfi og hafi möguleika á að auka þekkingu sína og færni með markvissum hætti. Lögð er áhersla á árangur, fagmennsku og áreiðanleika.</p>				
Markmið, mælikvarðar og aðgerðir				
Nr.	Markmið			
B1	Ábyrgur og hallalaus rekstur.			
	Mælikvarðar	Staðan 2018	Viðmið 2019	Staðan 2019
	Mánaðarleg uppgjör rekstrarsviðs á fjárhagi stofnunarinnar.	Afk. 2 m.kr.	Afk > 0	Afk. 4,5 m.kr. (tala til bráðabirgða)
	Mánaðarleg greining á innseldum og útseldum tímum. Endanleg mæling er á ársgrundvelli.	49%	52% til 55%	48%
	Afskriftir krafna vegna útseldrar vinnu. Staða afskriftasjóðs í lok hvers árs. Endanleg mæling er á ársgrundvelli.	0 m.kr.	0 m.kr.	0 m.kr.
Nr.	Verkefni/aðgerðir			Staða aðgerða
B1.1	Vönduð áætlunargerð (rekstraráætlun FSR)			Aðgerð lokið
B1.2	Mánaðarleg eftirfylgni með rekstri			Aðgerð lokið
B1.3	Greining á tekjum og útgjöldum			Aðgerð lokið
Nr.	Markmið			
B2	Öflugur mannauður og góður starfsandi.			
	Mælikvarðar	Staðan 2018	Viðmið 2019	Staðan 2019
	Fjöldi skráðra og bókaðra starfsmannasamtala þar sem farið er yfir frammistöðu, árangur og viðhorf starfsmanns til vinnu sinnar. Markmið stofnunar og starfsmanns eru rædd.	100%	100%	100%
	Ánægjukönnun SFR - Gallup.	4,10	4,3	3,92
	Hlutfall starfsmanna sem sótt hefur sér símenntun eða fræðslu á árinu.	90%	90%	95%

Nr.	Verkefni/aðgerðir	Staða aðgerða		
B2.1	Starfsmannasamtöl á hverju ári	Aðgerð lokið		
B2.2	Launasamtöl á hverju ári	Aðgerð lokið		
B2.3	Fræðsluáætlun fyrir hvern starfsmann	Aðgerð lokið		
Nr.	Markmið			
B3	Stöðugar umbætur með þjónustu og gæðamarkmið að leiðarljósi.			
	Mælikvarðar	Staðan 2018	Viðmið 2019	Staða 2019
	Mæla ánægju viðskiptavina með árlegri netkönnun.	3,67	4,1	3,81
	Hlutfall mánaðarlegra framvinduskýrsla í verkefnum í verklegri framkvæmd.	–	85%	30%
	Fjöldi athugasemda í ytri úttektum (ytri úttekt framkvæmd tvisvar á ári).	6+5	6+6	7+3
	Markmið um engin frávik í ytri úttektum.	1	0	0
Nr.	Verkefni/aðgerðir	Staða aðgerða		
B3.1	Innri úttektir	Aðgerð lokið		
B3.2	Innleiðing mælinga með stjórnendatöflu og verkefnatöflum fagsviða.	Aðgerð komin langt á veg		





www.fsr.is

